

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

Athugasemdir og úrvinnsla eftir yfirferð skipulagsráðs 07.02.2018.

	Nafn	Athugasemdir	Tillaga að svari/viðbrögðum
		Einstakar athugasemdir	
3	Norðurorka Rangárvöllum, 603 Akureyri	Norðurorka óskar eftir að gert verði ráð fyrir dælustöð við norðurhorn Sjafnargötu í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030. Sett verði tákni fyrir dælustöð, grátt hringtákn fyrir iðnaðarsvæði, þar sem dælustöðin er fyrirhuguð, samanber meðfylgjandi mynd. Dælustöðin verður neðanjarðar þannig að einungis loftunartúður og mannop verða sýnileg á yfirborði. Breyting frá auglýstri tillögu er óveruleg og skerðir ekki hagsmuni annarra hvað snertir landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að settur verði reitur á umbeðnum stað fyrir dælustöðina í aðalskipulaginu. Hefur verið fært inn á aðalskipulagsuppdrátt og í greinargerð.
3	Árni Ólafsson Teiknistofu arkitekta	Árni Ólafsson Teiknistofu arkitekta óskar eftir því f.h. Norðurorku að gert verði ráð fyrir lóð fyrir dælustöð fráveitu, um 150-160 m ² , við norðurhorn Sjafnargötu í deiliskipulagi athafnasvæðis við Grænhól sbr. meðfylgjandi skýringarmynd. Dælustöðin verður neðanjarðar og liður á fráveitulausnum fyrir athafnasvæðið sem rísa mun við Sjafnargötu.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að settur verði reitur á umbeðnum stað fyrir dælustöðina í aðalskipulaginu. Hefur verið fært inn á aðalskipulagsuppdrátt og í greinargerð.
5	Minjastofnun	1. Skv. lögum um menningarminjar skal merkja friðlýstar menningarminjar á skipulagsuppdraetti. Friðlýstar fornleifar þegar merktar með R-tákni á aðalskipulagsuppdraetti en auðkenni vantar fyrir friðlýst hús. 2. Uppfæra þarf atriði í greinargerð rammahluta Aðalskipulags fyrir Oddeyri hvað varðar fjölda húsa með varðveislugildi. 3. Nokkrar tillögur eru um orðalagsbreytingar.	1. Friðlýst hús hafa verið færð inn á aðalskipulagsuppdrátt. 2. Inn í greinargerð rammaskipulags hefur verið bætt tilvísun í húsakönnun ásamt lista yfir friðlýst, friðuð og umsagnarskyld hús á Oddeyrinni. 3. Hefur verið lagað.
6	G. Hjálmarsson ehf	Guðmundur Hjálmarsson gerir athugasemd við auglýsta aðalskipulagstillögu f.h. G. Hjálmarsson ehf og óskar eftir 10.114 fermetra lóðarstækkun fyrirtækisins að Goðanesi 2 inn á óbyggt svæði skv. aðalskipulagstillögunni. Stækkunin er hugsuð sem geymslusvæði. Óskað er eftir að hluta þess svæðis verði breytt í athafnasvæði sbr. meðfylgjandi uppdrátt.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að reitur AT5 verði stækkaður sem þessu nemur. Hefur verið fært inn á aðalskipulagsuppdrátt og .

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
7	Starfshópur svæðisskipulags Eyjafjarðar	<p>Starfshópurinn gerir ekki athugasemdir við auglýsta tillögu, en vill koma eftirfarandi á framfæri:</p> <p>a. Óshólmar Eyjafjarðar eru sameiginlegt verndarsvæði Akureyrar og Eyjafjarðar og rétt væri að nefna það með öðrum verndarsvæðum innan bæjarlandsins og við það.</p> <p>b. Undir kafla um úrgangsmál má nefna þátt Moltu ehf. sem moltar lífrænan úrgang í Eyjafjarðarsveit fyrir Akureyrarkaupstað.</p> <p>c. Bent er á að í greinargerð (bls. 94) þar sem talað er um Glerárvirkjun II er fallhæð og lengd þrýstipípu vafalítið rangfærð.</p>	<p>a. Óshólmar eru merktir á uppdrátt og taldir upp með svæðum á náttúruminjasrá ÖN3 bls. 78 í greinargerð.</p> <p>b. Hefur verið bætt í texta.</p> <p>c. Fallhæð 240 m og lengd pípu 6 km hefur verið leiðrétt.</p>
14	Búfesti	<p>Það er mat Búfesti hsf að íbúðaskortur sé til staðar á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu eftir djúpa niðursveiflu og framkvæmdafrost 2009-2012. Takmarkað framboð húsnæðis muni hamla hagstæðri íbúafjölgun á svæðinu og takmörkuð viðbót sérmerktra íbúða fyrir lágtekjuhópana er ekki á næsta leyti í því magni að það muni breyta markaðinum næstu 3 árin að óbreyttu. Enginn aðili er í neytendadrifnum rekstri leiguíbúða án hagnaðarkröfu á Akureyri.</p> <p>1. Í forsendum aðalskipulags kafla 3.2. er sagt að unnið sé með íbúabéttni 2,6 einstaklingar pr íbúð og að sú þéttni muni í lok spátímans verða 2,3 pr íbúð. Þegar hinn 1. desember 2016 voru 2,3611 íbúar pr. íbúð. Heildarþörf fyrir nýjar íbúðir kann því að vera verulega vanmetin og þörf fyrir byggingarsvæði umfram það sem fyrirbyggjandi skipulagstillaga gerir ráð fyrir.</p> <p>Lögð eru til SÓKNAR-Markmið:</p> <p>2. Markmið um að laða kynslóðahópa á barneignaraldri 25-45 ára til búsetu á Akureyri verði lýst í aðalskipulagi – og það útfært nánar með því að lýsa hvernig slíkt verður látið koma fram í tiltekinni íbúðagerð og rekstrarformum húsnæðis.</p> <p>o Með nýju framboði á ódýrum íbúðum og/eða öríbúðum (undir 40 fm) í leigu- og búseturétti mætti auka hreyfanleika eldri aldurshópa í húsnæði.</p> <p>o Með því að tryggja að á Akureyri verði til nýtt framboð hagkvæmra íbúða í félögum neytenda NFP.</p>	<p>1. Til að áætla fjölda íbúa á íbúð þarf frekari rannsóknir sem snerta efnahagsspár til langs tíma og fleiri atriði sem erfitt er að meta. Margir fleiri óvissuþættir eru tengdir spá um þörf fyrir byggingarsvæði. Þar sem vilmörk sem sett eru í aðalskipulaginu eru mjög rúm, er ekki ástæða til að endurskoða þörfina.</p> <p>2. Í greinargerðinni er fjallað um íbúðir án hagnaðarkröfu : <i>Ný íbúðar- og atvinnusvæði skulu mynda samfellda þéttbýlisheild í samspili við umhverfi og náttúru, með hagkvæmni og búsetugæði að leiðarljósi:</i> „Leigu- og búseturéttaríbúðum sem reknar eru af neytendafélögum og án hagnaðarkröfu (NFP), verði gefinn skilgreindur forgangur, og dreifist sem mest milli svæða.“ Ekki liggja þó fyrir rannsóknir á því</p>

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

	<p>Leigu og búseturéttaríbúðum sem reknar eru af neytendafélögum og án hagnaðarkröfu (NFP) verði gefinn ótvíræður og skilgreindur forgangur að tilteknu hlutfalli lóða – í nýjum hverfum og/eða á þéttingarreitum - þannig að aðalskipulagið auðveldi aukið eða alveg nýtt framboð á ódýrum íbúðum sem reknar verða sjálfbært og með lágmarkskostnaði (NFP) til frambúðar.</p> <p>o Þar verði um að ræða íbúðir fyrir stúdenta.</p> <p>o Íbúðir fyrir aldraða.</p> <p>o Íbúðir fyrir lágtekjufólk samkvæmt skilgreiningu laga nr 52/2016</p> <p>o Almennar íbúðir fyrir félög neytenda NFP þannig að hagfelld félagsleg blöndun verði tryggð í hverfum og kjörnum/fjölbýlishúsum.</p> <p>3. Jafnframt verði ákvæðum að því er varðar úthlutun lóða til neytenda með verðlagningu lóða og gjaldskrá fyrir leigu- og búsetuíbúðir NFP (án hagnaðarkröfu) verði komið fyrir í aðalskipulagi og það tryggt þannig að verð til neytenda fari aldrei upp fyrir 50% af lóðagjöldum vegna íbúða sem byggðar eru af verktökum/fjárfestum til að ganga kaupum og sölum í hagnaðarskyni.</p> <p>4. Formleg skilgreining verði tekin upp í skipulagi á því hvort íbúð er ætlað að vera leiguíbúð (í atvinnuskyni), leigu eða búsetuíbúð í neytendarekstri NFP eða hvort henni er ætlað að vera í séreignarnýtingu sem eignaríbúð. Mögulega þarf að lýsa því nánar hvernig unnt væri og hvað þyrfti til að flytja íbúðir á milli slíkra eignaflokka.</p> <p>5. Að settar verði formlegar hömlur á heimildir íbúðareigenda til að breyta þeim úr séreign eða lögheimilsíbúð í íbúð þar sem rekin verður gistipjónusta í miðbæjarnánd og einnig settar formlegar hömlur á sjálfðæmi íbúðareigenda til að breyta íbúð í frítímaíbúð eða „tómthús.“</p> <p>6. Byggingafélögum neytenda NFP verði gefið fyrirheit í skipulaginu varðandi umtalsvert frelsi til að útfæra deiliskipulag byggingarreita og nýta mögulegan sveigjanleika í byggingarreglugerð til að ná markmiðum um ódýrari íbúðir fyrir almenning - jafnhliða því sem forgangshópum (lágtekjufólki, fötluðum, öldruðum og stúdentum) er tryggður virkari aðgangur að hagkvæmu húsnæði.</p>	<p>hvort ákveðið rekstrarform sé líklegra en önnur til að laða ungt fólk til bæjarins. Þar koma margir þættir inn, einkum framtíðar samsetning fyrirtækja og atvinnulífs. Full þörf er á að rannsaka þessa þætti og er það framtíðarverkefni skipulagsyfirvalda.</p> <p>3. Gjaldskrá fyrir lóðir er ekki viðfangsefni aðalskipulags, en tengist almennri stefnu bæjarins um það efni.</p> <p>4. Þetta telst fremur vera verkefni deiliskipulags einstakra svæða.</p> <p>5. Hömlur um gistipjónustu koma fram í almennum ákvæðum fyrir íbúðarsvæði. Ekki liggur fyrir heimild til að setja hömlur á sjálfðæmi íbúðareigenda til að breyta íbúð í frítímaíbúð eða tómthús.</p> <p>6. Þetta telst vera verkefni deiliskipulags hverju sinni.</p>
--	---	---

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
22	Skógræktin Hrefna Jóhannesdóttir	<p>Skógræktin telur að í aðalskipulaginu komi fram jákvæð framtíðarstefna um áframhaldandi skógrækt í bæjarlandi Akureyrar og lagt sé rétt mat á þá skógar-auðlind í landi Akureyrar sem sköpuð hefur verið á undanförunum áratugum. Skógræktin vill með þessari umsögn vekja enn frekari athygli á mikilvægi trjágróðurs í þéttbýli til þess að draga úr mengun og stuðla að bættum umhverfisgæðum. Auk þess sem skógurinn stuðlar að bættri lýðheilsu og er kjörinn vettvangur til þess að efla umhverfisvitund fólks þar sem sjálfbær samfélagsþróun er höfð að leiðarljósi. Markviss notkun trjágróðurs í þéttbýli hefur í för með sér margvíslega vistkerfisþjónustu og þjónustu fyrir daglegt líf íbúanna og gesta bæjarins. Með þéttara skipulagi í nýjum hverfum hafa lóðir við íbúðarhús minnkað og þar af leiðandi verður minna rými fyrir tré í gördum fólks.</p> <p>1. Þess vegna þarf sérstaklega að huga að því hvar nota skuli trjágróður markvisst til að auka skjól og hækka meðalhita, draga úr skaflamyndun, bæta skyggni í stórhriðum, draga úr svifryki og annarri mengun, draga úr hávaða, draga úr umferðarhraða, tempru vatnsbúskap, aðgreina bílaumferð frá umferð gangandi og hjólandi fólks og fleira. Nauðsynlegt er að skipuleggja trjágróðurinn sérstaklega. Ekki nægir að skipuleggja bletti sem kallaðir eru græn svæði. Götutré skal nýta sem kostur er enda þurfa þau lítið rými og gera umhverfið vistlegra og heilnæmara.</p>	<p>1. Aftan við mgr. 2 í kafla 3.5.3.2 Veðurfar – hefur verið bætt setningunni: <i>Trjágróður eykur skjól og hækkar meðalhita. Nauðsynlegt er að skipuleggja trjágróðurinn sérstaklega og nota hann markvisst í þessum tilgangi.</i> Í kafla 2.1.26 Vegir, götur og stígar, Stígar – hefur verið bætt: <i>Aðskilja skal stíga frá bílagötum þar sem það er unnt, og nota trjágróður til þess þar sem það hentar.</i></p>
47	Eyjafjarðarsveit	<p>1. Bygging á Skipagötureit og með því fækkun bílastæða torveldar aðgengi íbúa nærliggjandi sveitarfélaga að þjónustu sem er að finna í miðbænum.</p> <p>2. Nokkuð vantar upp á að núverandi fráveitukerfi Akureyrarbæjar nái að byggð við suðurmörk sveitarfélagsins. Til að ekki gæti mengunar í sjó á svæði við óshólma Eyjafjarðarár, er brýnt að fráveituvatni sé ekki veitt í stórum stíl í sjóinn sunnan Leiruvegar. Ef umsvif á Akureyrarflugvelli aukast verulega þarf fráveitukerfi vallarins að anna þeirri aukningu og tekin verði af tvímæli um hvort veita eigi fráveituvatni frá flugvelli í Sandgerðisbót í framtíðinni.</p> <p>3. Nýjar loftlínur sem sýndar eru liggja yfir sveitarfélagsmörk Eyjafjarðarsveitar vestan við Kjarnaskóg eru ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar. Vinna við nýtt aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar miðast ekki við að raforkuflutningsmannvirkjum í sveitarfélaginu verði háttað á þann hátt.</p>	<p>1. Gert er ráð fyrir að eitt eða fleiri bílastæðahús verði byggð samhliða uppbyggingu á Skipagötureit.</p> <p>2. Unnið er að úrbótum á fráveitukerfinu syðst í bænum. Iðnaðarsafnið er með dælu og tengt við Aðalstrætislögnina. Búið er að setja Litla-Garð í rotþró. Galtalækur og Melar eru komnir í rotþró eða stendur til að gera. Flugvöllurinn er með rotþró, en mikið mál er að tengja hann við fráveitukerfið.</p> <p>3. Þær eru farnar út.</p>

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		4. Þrenging Glerárgötu varðar hagsmuni allra íbúa við Eyjafjörð, sem og annarra sem eiga leið gegnum bæinn. Þannig mun þrengingin bitna á öllum íbúum og atvinnurekendum Eyjafjarðarsveitar sem leggja þurfa leið sína gegnum Akureyri."	4. Ekki er tekin afstaða til þrengingar Glerárgötu í aðalskipulaginu, en í gildandi deiliskipulagi Miðbæjar er reiknað með þrengingu. Þetta verður skoðað nánar í uppfærslu miðbæjarskipulags.
		Síðuhverfi	
2	Þorvaldur Vestmann Núpasíðu 1	Íbúar við Núpasíðu og Stapasíðu hafa áhyggjur vegna hugmynda um að breyta grænu svæði í byggingarreit. Jarðrask þarna mundi hafa í för með sér jarðsig og skemmdir á eignum íbúa í kring, og fjöldi dæma um skemmdir sem orðið hafa í hverfinu þar sem stéttir og bílaplön síga og springa, lóðir þarf að hækka (um allt að 80cm í einu tilfelli) skolp lagnir fara í sundur og lengja þarf í rafmagnsheimtaugum. Allar breytingar á jarðvatnsstöðu geta haft ófyrirséðar afleiðingar á svæðið í kringum reitinn og slíkt hlítur að baka viðkomandi yfirvöldum og eða eftir atvikum þeim er raskinu veldur skaðabótaskyldu.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að fella svæðið út sem þéttingarsvæði, og verði það áfram opið svæði. Hefur verið breytt á aðalskipulagsupprætti.
10	Hverfisráð Síðuhverfis	A) Hverfisnefndin óskar eftir að svæðið vestan við Síðuskóla, sem afmarkast af öldrunarheimilinu Lögmanshlíð, Vestursíðu og malarvegi sem liggur að skólanum að vestan frá Vestursíðu verði skilgreint sem útivistarsvæði. B) Nefndin óskar eftir að svæðið milli Rauða Róló og Núpasíðu verði skilgreint sem opið svæði og látið ná suður að húsunum við Núpasíðu. Nefndin óskar eftir að þéttingarsvæði sem er í dag grænt svæði norðan og vestan við lóð Síðuskóla verði skilgreint sem opið svæði. Svæðið er í dag notað sem sparkvöllur. C) Hverfisnefndin óskar eftir að minnka hlutfall fjölbýlishúsa á svæði ÍB23 - Svæði norðan Síðubrautar og vestan Borgarbrautar, og að sett verði kvöð varðandi hámarkshæð húsa sem afmarkast af 3-4 hæðum. Auk þess sem tryggt verði að þéttleiki og skipulag innan svæðisins verði í samsvari við annað skipulag innan Síðuhverfis. Einnig óskar nefndin eftir frekari upplýsingum og aðkomu að skipulagi innviða. D) Nefndin ítrekar ósk um að gerður verði göngustígur frá hverfinu (hefst við enda Bröttusíðu) upp í gegnum móa og beitarlönd og endar á Lögmanshlíðarveginum. Nefndin óskar eftir að leiðin sé merkt inn á stígakort og leiðin stikuð og gerð aðgengileg með t.d. girðinga-tröppum og plankabrum yfir skurði.	A) Skipulagsráð/bæjarstjórn synjar þessum lið, þar sem svæðið gæti þurft til síðari nota stofnana á svæðinu. B) Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að fella svæðið út sem þéttingarsvæði, og verði það áfram opið svæði. Hefur verið breytt á aðalskipulagsupprætti. C) Athugasemdinni er vísað til væntanlegs rammaskipulags fyrir svæðið þar sem hlutfall íbúðargerða, þéttleiki og hæðir húsa verður skoðað nánar. D) Umbeðin leið fer í gegnum beitarlönd og eignarland. Mögulegt er að gera stikaða leið framhjá beitarlöndunum, sem skipulagsráð/bæjarstjórn fellst á

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

			að verði merkt á aðalskipulag sem útvistarstígur. Hefur verið fært inn á aðalskipulagsupprátt.
		Holtahverfi	
13	AVH ehf. Kaupangi, Mýrarvegi, 600 Akureyri	<p>1. Svæðið ÍB17 er gamalt og gróið hverfi ef frá er talið svæðið við Undirhlíð. Þar hafa nýlega risið tvö stór fjölbýlishús og þar er pláss fyrir þónokkra byggð til viðbótar. Stærð ÍB17 er gefin upp 11,0 ha en til þess er mælt að stækka það um 0,16 ha upp við Krossanesbraut, sjá meðfylgjandi mynd. Viðbætur eru sýndar með rauðum útlínum.</p> <p>2. Á Vp17 er verslun og bensínstöð en hliðin á reitnum er athafnasvæði sem er partur af AT5, sem er 46,7 ha svæði í Krossanesborgum. Mælt er með því að breyta athafnasvæðinu í verslunar- og þjónustusvæði.</p> <p>3. ÍB18 er að mestu óbyggt, fyrir utan nokkur gömul hús, og mun helsta uppbygging samkvæmt nýju deiliskipulagi fara fram á þessu svæði. Mælt er til þess að stækka ÍB18 um samtals um 0,86 ha en það var skráð 7,0 ha.</p> <p>4. Í kafla um þéttingarsvæði á bls. 30 í drögunum er nefnt hlutfall til viðmiðunar fyrir íbúðategundir á svæði ÍB18, einbýlishús: 20%, raðhús: 40% og fjölbýlishús: 40%. Á reit ÍB17 eru frekar einsleitar íbúðategundir, að mestu einbýlishús og nokkur raðhús, auk tveggja nýlegra fjölbýlishúsa. Í hverfinu þyrfti helst að fjölga fjölbýlishúsum til dæmis til að stuðla að fjölbreyttu samfélagi og fjölga íbúðum á viðráðanlegu verði. Þess vegna er mælt með því að fella niður þessar viðmiðunartölur um blöndun.</p> <p>5. Í kafla um þéttingarsvæði eru nefnd viðmið um fjölda íbúða og þéttleika á svæði ÍB18, um 150 íbúðir, sjá töflu. Til þess að stuðla að markmiðum Landskipulagsstefnu 2015-2026, Svæðiskipulags Eyjafjarðar 2012-2024, Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030 og skipulagslaga er mælt til þess að þéttleiki á svæðinu og fjöldi íbúða verði meiri. Miðað verði við um það bil 200-250 íbúðir á ÍB18.</p>	<p>1. Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að svæðið verði stækkað sem þessu nemur. Hefur verið breytt á aðalskipulagsupprætti og í greinargerð.</p> <p>2. Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að skilgreiningu svæðisins verði breytt í þessa átt. Hefur verið breytt á aðalskipulagsupprætti og í greinargerð.</p> <p>3. Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að svæði ÍB18 verði stækkað eins og sýnt er á tillögunni. Hefur verið breytt á aðalskipulagsupprætti og í greinargerð.</p> <p>4. Ekki er mælt með að fella niður viðmið um íbúðategundir á reit 18 enda eru tölurnar aðeins til viðmiðunar og í samræmi við samþykkt skipulagslýsingu. Ekki er því tekið undir þessa athugasemd.</p> <p>5. Nokkur fjölgun íbúða er möguleg þar sem svæðið stækkar að flatarmáli. Ekki er tekið undir að fjöldinn verði meiri en 200 samanber skipulagslýsingu deiliskipulags, þar sem það eykur umferð um Krossanesbraut og hverfið er fremur erfitt m.t.t. skólabarna og leiðar þeirra í skóla.</p>

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
16	Stefán Ívar Hansen 1207507399 Undirhlíð 3, 203, 603 Akureyri.	Stefán Ívar kemur með ábendingu um þéttingu byggðar austan Krossanesbrautar í kringum Fögruvelli og Glerárholt, norður að Sandgerðisbót. Hann óskar eftir lágreistri byggð þarna, helst ekki meira en 2-3 hæðir miðað við landslag og helst ekki löng hús sem mynda langan vegg. Það er fallett útsýni hér út á sjóinn yfir í Vaðlaheiðina sem má ekki taka alveg frá íbúum.	Skipulagsráð/bæjarstjórn tekur undir þessa ósk sem er í samræmi við samþykkt skipulagslýsingu. Ákvæði um lágreista byggð verður sett um reitinn og vísað til höfunda deiliskipulags.
		Melgerðisás	
31	Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis	<p>1. Hverfisnefnd mótmælir breytingu reitar e 1.33.1 íb í aðalskipulagi. Við Skarðshlíð, þétting byggðar þar sem breyta skal reitnum fyrir framan Kvenfélagsgarðinn í íbúðarsvæði. Þessi reitur er í aðalskipulagi Melgerðisás/Skarðshlíð merktur sem 1.33.5 O og finnst okkur óþarfi að gera þennan reit að byggingarsvæði, heldur skilgreina hann sem grænt svæði í þessu aðalskipulagi.</p> <p>2. Svæði við Glerárskólann, á Melgerðisásnum, við Þórsvöllinn er áætlað að breyta í íbúðarsvæði en var áður grænt svæði. Þetta svæði er órækt í dag og liggur á milli Háhlíðar og Harðangurs. Meðfram girðingu að Þórsvellinum. Hverfisnefnd óskar eftir að þetta svæði verði áfram skilgreint sem grænt svæði í aðalskipulagi 2018-2030 og endurskoðað að þeim tíma liðnum. Þetta er hugsað út frá því að byggja skal leikskóla og kannski viðbyggingu við Glerárskóla á komandi árum og ekki komið á hreint hvornig það svæði mun líta út. Ekki er komið staðsetning fyrir nýja leikskólann og því óvíst um byggingar á þessu svæði. Við óskum eftir að svæðið í kringum Glerárskóla verði óbreytt frá núverandi skipulagi.</p>	<p>1. Ekki tekið undir þessi mótmæli, og í deiliskipulagi svæðisins er sérstaklega hugað að aðkomu að Kvenfélagsreitnum.</p> <p>2. Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að fella þau tvö fyrirhuguðu einbýlishús sem gert er ráð fyrir austan lóðar Glerárskóla brott og skilgreina svæðið sem stofnanasvæði. Hefur verið breytt á aðalskipulagsuppdætti og í greinargerð.</p>
		Hafnarsvæði	
9	Siglingaklúbburinn Nökkvi	Siglingaklúbburinn Nökkvi gerir athugasemd við hugmyndir um smábátahöfn á Leirunni. Svæðið sem afmarkast innan nýja athafnasvæðis Nökkva og tangans út úr Leiruvegi er fyrirhugað sem framtíðarathafnasvæði siglingastarfsemi Nökkva. Ósk Nökkva er að smábátahöfnin gæti færst austar á leirunni. Þetta svæði var afmarkað fyrir starfsemi Nökkva í fyrri aðalskipulagi og engar breytingar hafa verið á þeirri útfærslu. Nökkvi óskar þess að allar þessar hugmyndir verða að vera bornar undir og samþykktar af stjórn Nökkva áður en nýtt aðalskipulag verður samþykkt.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að fella svæði H2 brott úr aðalskipulaginu sbr. athugasemd 29 varðandi Akureyrarflugvöll. Hefur verið fellt út á aðalskipulagsuppdætti og í greinargerð.

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		Flugvöllur	
29	Víðir Gíslason Skálateigi 7, Akureyri. Kt. 160854-2199 Sigurður Hermannsson, Þórhallur Sigtryggsson, f.h. Hollvína Akureyrarflugvallar	<p>1. Vakin er athygli á athugasemdum Skipulagsstofnunar vegna hafnarsvæða við Leiruveg. Stofnunin hefur áður bent á að skýr tilvísun þurfi að vera í Skipulagsreglur Akureyrarflugvallar, sem fjalla um hindranafleti auk fleiri þátta.</p> <p>2. Varað er við því að heimila hafnarsvæði við aðflugslínu flugbrautar svo nærri brautarenda. Athafnasvæði og mannvirki geta truflað aðflug, auk þess sem gera þarf ráð fyrir truflanalausum rými fyrir aðflugsljós í brautarstefnu.</p> <p>3. Viljum einnig vísa á nýja reglugerð um fjarstýrð loftför, nr. 990/2017. Þar eru tilgreind svæðamörk við alþjóðaflugvellina fjóra, ásamt ákvæðum vegna drónaflugs yfir í þéttbýli. Benda þarf á í skipulagi að notkun dróna sé háð takmörkunum, vegna hættu fyrir flugumferð.</p> <p>Bæjaryfirvöld þurfa að tala skýrri röddu þegar öryggishagsmunir Akureyrarflugvallar eru í húfi.</p>	<p>1. Í greinargerð kafla „3.6.7 Flugvöllur“ 3. mgr. hefur verið bætt textanum: <i>Í gildi eru skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll frá 2011 þar sem eru m.a. fyrirmæli um svæði utan flugvallar þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta eða takmörkun á meðferð fasteigna. Skipulagsreglurnar eru settar samkvæmt 59. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.</i></p> <p>2. Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að fella svæði H2 brott úr aðalskipulaginu vegna öryggis flugumferðar. Þó svo að takmörk séu sett á hæð og nálægð bygginga er erfitt að fylgja eftir öðrum atriðum tengdum hafnastarfsemi, svo sem hæð mastra báta, sem geta náð upp í öryggisflöt flugvallarins. Hefur verið breytt á aðalskipulagsupprætti og í greinargerð.</p> <p>3. Skipulagsráð/bæjarstjórn þakkar ábendinguna.</p>
35	Isavia	<p>1. Í kafla 3.6.7 mætti e.t.v. setja litla yfirlitsmynd af hindranafletum gildandi skipulagsreglna til skýringar.</p> <p>2. Isavia telur rétt að kveða fastar að orði í kafla 3.6.7 um reglur varðandi hindranaflet og vísa í lög um loftferðir.</p>	<p>1. Hefur verið bætt í greinargerð.</p> <p>2. Í greinargerð kafla „3.6.7 Flugvöllur“ 3. mgr. hefur verið bætt textanum: <i>Í gildi eru skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll frá 2011 þar sem eru m.a. fyrirmæli um svæði utan flugvallar þar sem rétt er að setja</i></p>

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		<p>3. Mikilvægt skref í að þróa Akureyrarflugvöll sem millilandaflugvöll. Til þess er m.a. mikilvægt að þróa góða tengingu við almenningsamgöngur á landi að og frá flugvellinum.</p> <p>4. Isavia þarf að setja aðflugsljós við Akureyrarflugvöll á næstu árum. Isavia leggur til að svæði fyrir aðflugsljós við norðurenda flugbrautar verði merkt sem flugvöllur. Aðflugslína verður um 420 m í norðurátt.</p>	<p><i>takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta eða takmörkun á meðferð fasteigna. Skipulagsreglurnar eru settar samkvæmt 59. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.</i></p> <p>3. Til þess að Akureyrarflugvöllur uppfylli kröfur sem alþjóðlegur flugvöllur þarf að setja upp ILS búnað fyrir blindflug. Hluti þess búnaðar kemur austan suðurenda flugbrautar, og þarf að girða þann hluta af og framlengja girðingu við suðurenda flugbrautarinnar til suðurs út að vesturkvísl Eyjafjarðarár. Það lokar núverandi göngu- og reiðstíg, sem þá verður að færa og m.a. með nýrri brú yfir vesturkvísl Eyjafjarðarár. Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að breyta aðalskipulagsupprættinum á þá leið.</p> <p>Í greinargerð kafla „3.6.4 Almenningsamgöngur“ hefur síðasta setningin í 2. mgr verið umorðuð: „Huga þarf að tengingu atvinnusvæða og nýbyggingarsvæða við strætisvagnakerfið. Æskilegt er að tengja kerfið betur við Akureyrarflugvöll og lýst hefur verið eftir betri tengingu við ýmsa staði svo sem tjaldsvæðið að Hömrum.</p> <p>4. Hefur verið lagfært á þéttbýlisupprætti.</p>
		Íþróttasvæði	
17	Íþróttafélagið Þór	<p>Í fyrirbyggjandi tillögu að nýju aðalskipulagi fyrir Akureyri er „Þórssvæði æfingavöllur“ eitt að þeim svæðum sem skilgreint er sem þéttingarsvæði. Til þess að þessi breyting gangi upp ætlar Akureyrarbær í raun að taka hluta af svæði Íþróttafélagsins Þórs og koma þar fyrir kastsvæði fyrir UFA. Með því er Akureyrarbær að skerða svæði félagsins og það áður en ljóst er hvernig það hefti framtíðar möguleika til</p>	<p>Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu, en sett verði ákvæði um að uppbygging þess sé háð stefnumótun um uppbyggingu íþróttamannvirkja. Í tímasetningu og</p>

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		uppbyggingar. Íþróttafélagið Þór getur því ekki annað en hafnað þessari breytingu á aðalskipulagi.	forgangsröðun svæða bls. 29 í greinargerð hefur æfingasvæðið verið sett „ótímasett“.
18	Gígja Rut Ívarsdóttir 230575-3719 Heiðarlundur 8g	Gígja Rut er hugsí yfir skipulagi Akureyrarbæjar og þá sér í lagi að byggja hús á Sansíro vellinum við Lundarskóla og KA heimilið. Iðkendum eigi eftir að fjölga enn meir með tilkomu nýrra hverfa og því ekki tímabært að byggja íbúðarhús á eina grasblettinum sem eftir er við KA svæðið. Mikil mýri þar í kring - er 100% öruggt að húsin í kring munu ekki skemmast? Verður eitthvað æfingasvæði í Nausta eða Hagahverfi? Hver er ætlunin með bílastæði í framtíðinni? Í dag er Heiðarlundur fjórða fjölmennasta gata bæjarins. Að lengja götuna eykur umferð enn frekar og nóg er hún nú þegar. Öll viljum við öryggi í kringum skóla og að bæta við enn fleiri íbúum við götuna er skref afturá bak. Gígja Rut leggur til að endurskoða byggð íbúðarhúsa á grasinu og leyfa íbúum hverfisins og Akureyringum að njóta áfram svæðisins eins og þar er í dag.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu sem stofnanasvæði, en sett verði ákvæði um að uppbygging þess sé háð stefnumótun um uppbyggingu íþróttamannvirkja og með hliðsjón þörfum stofnanna á svæðinu. Mögulega mun Lundasel flytjast á „San Síró“ í framtíðinni og íbúðaupbygging verði þar sem Lundasel er nú. Svæðið er til komið að frumkvæði íþróttafélagsins KA og unnið í fullri samvinnu við félagið. Hefur verið lagfært á aðalskipulagsupprætti og í greinargerð.
		Hrísey og Grímsey	
4	Stimpill, félag áhugamanna um akstursíþróttir Sólvallagötu 6, 630 Hrísey	Hermann Erlingsson fyrir hönd Stimpils félags áhugamanna um akstursíþróttir í Hrísey óskar eftir að skilgreint verði akstursvæði þar sem félagsmenn geti stundað sína íþrótt. Svæðið sem óskað er eftir að skilgreint verði fyrir þessa íþrótt er það sama og leyfi hefur verið undanfarin ár norðvestan við Saltnes.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að sett verði sérákvæði á svæði E4 þannig að akstur félagsmanna verði þar heimill.
34	Hverfisráð Grímseyjar	1. Lagt var til á fundi í júní síðastliðinn að fyrirhuguð frístundabyggð yrði færð sunnar en hún er merkt inn á kort núna þar sem svæðið er nýtt sem beitiland fyrir sauðfé. 2. Efnislosun er merkt inn á núverandi skipulag. Það svæði er verið að græða upp og öll efnislosun er nú niðri á grenndarsvæði hafnarinnar.	1. Skipulagsráð/bæjartjórn samþykkir að svæðið verði færð til suðurs inn á jörð Sveinsstaða, sem er ríkisjörð. Hefur verið breytt á aðalskipulagsupprætti og í greinargerð. 2. Náman hefur verið flutt til samræmis við loftmynd.

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
		<p>3. Fyrirhugað er að flytja tjaldsvæði af lóð skólans að sundlauginni. Við teljum það ekki gerlegt fyrir en gert hefur verið eitthvað í hávaðamengun sem stafar þar af rafstöðinni. Dísil ljósavel er í gangi þar allan sólarhringinn með miklum tilheyrandi hávaða. Þetta mun eflaust ekki falla tjaldgestum í geð frekar en þeim íbúum sem við þetta búa.</p> <p>4. Nokkrar athugasemdir voru gerðar á fundinum í vikunni þar sem farið var ítrekað rangt með örnefni. Samkvæmt google map heitir vegurinn frá sundlauginni að flugvelli Grímseyjarvegur, Vallargata er „efri“ gatan frá höfninni séð og Hafnargata sú neðri. Rétt var farið með nafnið Öldutún sem er í kringum hafnar- og iðnaðarsvæðið. Önnur götuheiti finnast ekki í eynni s.s. títtnefnd Holtagata.</p>	<p>3. Skipulagsráð/bæjarstjórn tekur undir athugasemdir, sem er í samræmi við auglýsta tillögu að aðalskipulagi.</p> <p>4. Hefur verið lagfært í greinargerð.</p>
		Gatnakerfi	
27	Vegagerðin	<p>1. Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna en ítrekar fyrri svör. Þrátt fyrir að ákvæði um breytingu á Glerárgötu úr fjórum akreinum í tvær hafi verið tekið út úr aðalskipulagstillögunni þá gildir afstaða Vegagerðarinnar.</p> <p>Í gildandi deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar sem var staðfest þann 6.5.2014 kemur fram að akreinum á Glerárgötu verði á kafla fækkað úr fjórum í tvær. Ef til þrengingar kemur þarf að tryggja möguleika á að Glerárgata verð aftur gerð að fjögurra akreina vegi þegar og ef umferðarmagn eða umferðaröryggi á veginum gefur tilefni til þess. Vegagerði mun ekki mæla með að framkvæmdavaldið kosti umræddar breytingar ef til þeirra kemur.</p> <p>Vegagerðin bendir einnig á mikilvægi þess að tengingar við stofnbrautir séu fáar og öruggar til þess að tryggja umferðarflæði og umferðaröryggi auk þess sem mælst er til þess að biðstöðvar strætisvagna séu útfærðar á þann hátt að þær tefji ekki fyrir umferð á stofnbrautum.</p>	<p>1. Ekki er tekin afstaða til þrengingar Glerárgötu í aðalskipulaginu, en í gildandi deiliskipulagi Miðbæjar er reiknað með þrengingu. Þetta verður skoðað nánar í uppfærslu miðbæjarskipulags.</p> <p>2. Í greinargerð kafla 3.6.6.1 Stofnbrautir hefur verið bætt textanum aftan við síðari málgreinina: „<i>Mikilvægt er að tengingar við stofnbrautir séu fáar og öruggar til að tryggja umferðarflæði og umferðaröryggi auk þess sem biðstöðvar strætisvagna séu útfærðar á þann hátt að þær tefji ekki fyrir umferð á stofnbrautum.</i>“</p>
48	Friðleifur Ingi Brynjarsson kt. 260463-4469 Hafnarstræti 10	<p>1. Friðleifur Ingi gerir athugasemd við að fækka akreinum á syðsta hluta Glerárgötu úr 4 akreinum í tvær og færslu hennar til austurs, enda í andstöðu við vilja</p>	<p>1. Ekki er tekin afstaða til þrengingar Glerárgötu í aðalskipulaginu, en í gildandi deiliskipulagi Miðbæjar er</p>

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
600	Akureyri	<p>Vegagerðarinnar einnig byggja þessi áform á röngum staðlaforsendum og raunumferð.</p> <p>2. Athugasemd við að þrengt skuli að og jafnvel farið inn á veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar á norðurhluta Drottningabrautar.</p> <p>3. Hann telur að of fá bílastæða verði í miðbæ m.v. byggingarmagn.</p> <p>4. Hann telur umferð á þjóðvegum innan Akureyrar fyrir árið 2016 vera ranga á nokkrum stöðum á umferðarkorti, þ.a.l. sé umferðarspá til 2030 byggð á röngum grunnforsendum.</p> <p>5. Hann gerir athugasemd við að leyfðar skuli íbúðir á efri hæðum við Glerárgötu þar sem hún fer í gegnum miðbæ, vegna mengunar og hávaða frá umferð.</p> <p>6. Hann telur að umferðarforsendur skipulagsins séu rangar í veigamiklum atriðum. Byggingarmagn í úthverfum Akureyrarbæjar, aukin flugumferð og síðan fyrirsjáanleg aukin umferð vegna Vaðlaheiðarganga, styðji það enn frekar að umferðarspá skipulagsins séu allt of lág. Hann telur því óábyrgt að þrengja að aðalstofnbraut bæjarins og leyfa íbúðir á efri hæðum á suðurhluta Glerárgötu. Afleiðingin verður sú að umferðin mun leita inn í íbúðarhverfi og húsagötur eftir greiðfærari leiðum um bæinn með tilheyrandi slyshættu og ama fyrir íbúa.</p>	<p>reiknað með þrengingu. Þetta verður skoðað nánar í uppfærslu miðbæjarskipulags.</p> <p>2. Kallar ekki á breytingu aðalskipulagsins.</p> <p>3. Gert er ráð fyrir að eitt eða fleiri bílastæðahús verði byggð samhliða uppbyggingu á Skipagöturéit.</p> <p>4. Umferðartalning 2016 hefur ekki áhrif á umferðarspá, þar sem hún byggist á áætluðu magni bygginga og fólksfjölda árið 2030.</p> <p>5. Ekki er tekið undir athugasemdina, en þörf er á sérstökum hljóðvörnum í byggingunum.</p> <p>6. Þessi atriði hafa verið tekin inn í umferðarspá. Sjá einnig svar við aths. 1.</p>
		Stígar	
11	Hestamannafélagið Léttir	<p>1. Á aðalskipulagsupprætti er sýnd ný reiðleið til suðurs frá núverandi reiðleið sunnan Breiðholts og vestan og ofan Naustaflóa að núverandi reiðleiðum sunnan Naustaborga (svokölluð Hugabragga leið). Farið er fram á það að núverandi stígar sem liggur frá suðvesturenda golfvallarins inn í Naustaborgir verði skilgreindur sem göngu- og reiðstígar tímabundið þangað til nýja leiðin hefur verið lögð.</p>	<p>1. Tímabundnar ráðstafanir eru ekki aðalskipulagsmál.</p> <p>2. Skipulagsráð/bæjarstjórn fellst ekki á breytta legu reiðleiðarinnar en samþykkir að reiðleiðin verði samkvæmt breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-</p>

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
		<p>2. Hestamannafélagið Léttir óskar eftir að reiðleiðin neðan Breiðholts verði færð frá gönguleiðinni upp að næstu hæðarlínu og komi aftur inn á núverandi reiðleið við norðvestur hornið á golfvallarsvæðinu. Sjá kort í viðhengi.</p> <p>3. Göngu- og reiðleið vestan golfvallarins sem liggur að umræddri Miðhúsaleið er heldur ekki sýnd á auglýstum aðalskipulagsupprætti en nauðsynlegt er að hún verði þar einnig.</p>	<p>2018 sem gerð var árið 2013. Hefur verið fært á aðalskipulagsupprátt.</p> <p>3. Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að reiðleiðinni verði bætt í aðalskipulagið sem göngu- og reiðleið. Hefur verið fært á aðalskipulagsupprátt.</p>
12	Ólafur Kjartansson	<p>1. Hjólreiðasamgöngur:</p> <p>a.) Stígur úr efra Gerðahverfi gegnum svæði Háskólans á Akureyri er ekki heppilegur sem aðalstígur. Hæðarmunur og þverun í gegnum lóðir háskólasvæðisins bitnar á þeirri greiðfærni sem aðalstígur þarf að bjóða upp á.</p> <p>b.) Það vantar aðalstíg í suðuvestur frá undirgöngum undir Hörgárbraut norðan Skútahæðarinnar meðfram Melgerðisásnum milli áætlaðar byggðar á Melgerðisásnum og þórsvæðisins suður að Höfðahlíð. Vistgata á Melgerðisásnum sjálfum getur ekki þjónað sem aðalstígur hjólandi umferðar.</p> <p>c.) Ný undirgöng undir Borgarbraut fyrir tengingu á dalsbrautarleiðinni yfir Glerárgilið á hækkaðri Glerárbrú að aðalstíg austan með lóð Glerárskóla og þórsvæðis, byðu upp á bestu tengingu milli gerðahverfanna og atvinnusvæðanna norðan og austan íbúðabyggðanna í Glerárhverfi austan Hörgárbrautar.</p> <p>d.) Það þarf að gera ráð fyrir tengingu úr norðurenda Brekkugötu vestur í Klettaborgir og saman við norðurenda Dalsbrautarstígsins án lækkunar niður að Glerártorgi.</p> <p>2. Sveitarfélagsmörkin: Á sveitarfélagsupprættinu beggja megin fjallsins Kerlingar eru mörkin ekki í samræmi við texta í greinargerð sem segir mörkin fylgja brúnum umhverfis Glerárdal.</p>	<p>1.</p> <p>a) Athugasemdinni er vísað til heildarskipulags fyrir göngu-, hjólreiða- og reiðstíga, sem verður lokið fyrir árið 2025 samkvæmt umhverfis- og samgöngustefnu Akureyrarbæjar.</p> <p>b) Ekki tekið undir athugasemdina en tekið er frá rými fyrir stíg.</p> <p>c) Gönguleið með gömlu Glerárbrúnni hefur verið bætt á þéttbýlisupprátt, en ekki er tekið undir að hækka hana eða gera nýjan aðalstíg. Undirgöng eru sýnd á deiliskipulagi.</p> <p>d) Ekki tekið undir athugasemd en mælt með að gangbraut verði skoðuð til móts við norðurenda Byggðavegar.</p> <p>2. Texta í greinargerð hefur verið breytt til samræmis við texta í „Glerárdalur – fólkvangur. Greinargerð starfshóps, 5. desember 2013“: Vesturmörk eru <i>eftir fjallstindum</i> suður frá Súlum fyrir botn Glerárdals og</p>

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
		<p>3. Náttúruvernd:</p> <p>a). Vegna lífríkis og annarar sérstöðu svæðisins norðan Leiruvegjar er mjög óráðlegt að raska því meir en orðið er. Ný smábátahöfn á þessu svæði stangast verulega á við náttúruverndartexta greinargerðar með aðalskipulagstillögunni.</p> <p>b). Það sama á við um hugmyndir að jarðstrengsleið fyrir 220 kV streng milli Hótelis Kjarnalundar og Brunnár. Þar eru einnig menningarsögulegar minjar sem yrðu í mikilli hættu yrði sú leið fyrir valinu.</p>	<p>síðan fjallsbrún Hlíðarfjalls norður í Hrappsstaðaskálar til móts við upptök Hrappsstaðaár.</p> <p>3. a) Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að fella svæði H2 brott úr aðalskipulaginu vegna öryggis flugumferðar. Þó svo að takmörk séu sett á hæð og nálægð bygginga er erfitt að fylgja eftir öðrum atriðum tengdum hafnastarfsemi, svo sem hæð mastra báta, sem geta náð upp í öryggisflöt flugvallarins. Hefur verið breytt á aðalskipulagsupprætti og í greinargerð.</p> <p>b) Skipulagsráð/bæjarstjórn mælir heldur ekki með að sú leið verði farin, en nákvæm lega allra jarðstrengslagna verður unnin á staðnum með umhverfisfulltrúa og fornleifafræðingi.</p>
25	<p>Jón Heiðar Jónsson KT:050973-4849 Vörðutúni 5 Ferlinefnd fatlaðra</p>	<p>Heilt yfir finnst honum afar áhugaverð og vel skrifuð áætlun um framtíðarskipulag byggðar og umhverfis og víða í textanum er almennt orðað að aðgengi allra skuli vera gott. Á nokkrum stöðum er minnst sérstaklega á að huga þurfi sértaklega að aðgengismálum og þörfum mismunandi hópa og er það vel. Það má t.d sjá í inngangi en þar segir: “Mikilvægt er að skipulag taki mið af mismunandi þörfum ólíkra samfélagshópa þar sem við á, og má þar til dæmis nefna hreyfihamlaða og sjónskerta auk ólíkra aldurshópa og fleira mætti telja”. Og í kaflanum sem fjallar um samgöngur: “Við hönnun gönguleiða og annarra samgöngumannvirkja skal taka tillit til þarfa fólks með skerta færni, svo sem fatlaðs fólks, aldraðra, blindra og sjónskertra”.</p> <p>Nefndarmenn telja samt afar mikilvægt að fastar sé kveðið á um gott aðgengi fatlaðs fólks í markmiðskafla og innan einstakra kafla skipulagsins.</p> <p>Það á sérstaklega við á eftirfarandi stöðum:</p> <p>1) 1.3.3. Markmið - samgöngur og veitukerfi. Þar fjallar eitt af markmiðunum um að “Gæði umferðarkerfisins sem þjónustukerfis verði tryggð”. Einnig má skoða hvort vel fari að bæta inn setningum um aðgengi fatlaðs fólks í kaflann.</p>	<p>1) Bætt hefur verið í greinargerðina undir „Framkvæmd“: Göngu- og hjólaleiðir verði sniðnar</p>

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
		<p>2) 1.3.4 Markmið umhverfi.</p> <p>3) Þegar kemur að skipulagstillöguköflunum þá ber helst að líta til efirfarandi kafla: 2.1.26 Vegir, götur og stígar</p> <p>Einnig er ósk nefndarmanna að skýrsluhöfundur taki til skoðunar að koma inn ákvæði eða texta um að aðgengi allra þjóðfélagsþegna verði haft að leiðarljósi við hönnun umhverfis og bygginga í Miðbænum(kafli 3.3 MIÐBÆRINN).</p> <p>4) Að lokum má nefna að undirritaður rak augun í að minnst var á að íþróttafélögin Akur og Eik væru íþróttafélög Þroskaheftra og fatlaðra(bls 154). Orðið Þroskaheftir er á miklu undanhaldi og er þá oftara talað um þroskahamlaða eða þroskaskerta. Ég tel betur við hæfi að nota bara orðið fatlaðra í þessu samhengi.</p> <p>Undir ofantöldum markmiðum og köflum innan Aðalskipulagsins óska nefndarmenn eftir að verði komið inn setningum og/eða texta sem kveður á um að hugað verði sérstaklega að þörfum fatlaðs fólks.</p>	<p>að þörfum notenda þeirra og sérstakt tillit verði tekið til aðgengis fatlaðs fólks.</p> <p>2) Bætt hefur verið í greinargerðina undir „Markmið“: Stuðlað skal að umhverfi sem hvetur til útveru á öllum árstíðum. Bætt verður undir „Framkvæmd“: Tryggja skal aðgengi allra að útivistarsvæðum og skal þar sérstaklega huga að aðgengi fatlaðs fólks.</p> <p>3) Bætt hefur verið í greinargerðina undir „Almenn ákvæði“: Meginmarkmið í mótun gatnakerfis er að mæta þörfum samfélagsins um greiðar samgönguleiðir og jafnframt að tryggja umferðaröryggi allra vegfarenda þ.e. akandi, gangandi, hjólandi og ríðandi. Skal þar sérstaklega huga að aðgengi fatlaðs fólks. Stígar: Aðskilja skal gangandi og hjólandi umferð á þessum stígum til að tryggja öryggi sjón- og heyrnarkertra.</p> <p>4) Hefur verið lagfært í greinargerð.</p>
		Raflínur	
1	Friðrika Marteinsdóttir, EFLA verkfræðistofa	Niðurstaða athugunar EFLU er sú að gegnum Naustaborgir liggur strengleið Hólasandslínu 3 um nokkuð erfitt svæði. Leiðin liggur í gegnum skógarþykkni sem þyrfti að ryðja 12 - 20 m breitt belti gegnum, auk þess liggur leiðin yfir klapparholt með jökulrákuðum hvalbökum, sem þyrfti að sprengja strengskurðina ofan í.	Skipulagsráð/bæjarstjórn fellst ekki á breytta legu jarðstrengs Hólasandslínu 3 samkvæmt tillögu Landsnets sem fer of langt inn á hverfisverndarsvæði Naustafloa. - Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		<p>Framkvæmdin myndi óhjákvæmilega hafa talsverð umhverfisáhrif í slíku landi. Lagt er til að kanna möguleika á því að hliðra strengleiðinni austur fyrir klapparásinn og leggja hann þess í stað meðfram ásnum í jaðri Naustaflóa. Naustaflóinn hefur að hluta til verið framræstur en fyllt hefur verið upp í framræsluskurði og votlendið endurheimt og er svæðið með hverfisvernd (3.12.6) í aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018 sem og í þeim drögum sem liggja fyrir að aðalskipulagi 2018 - 2030.</p> <p>Næst klapparásnum er lína RARIK og líklega liggur þar einnig jarðstrengur í eigu RARIK. Til þess að valda sem minnstu raski á hverfisverndarsvæðinu væri æskilegt að kanna hvort möguleiki er á því að samnýta helgunarsvæði loftlínu RARIK og leggja þá línu í jörð samhliða framkvæmdum við Hólasandslínu 3.</p> <p>Óhjákvæmilegt er að nokkuð rask verði á gróðurlendi í skurðstæði í jaðri Naustaflóa við lagningu jarðstrengjanna. Mun auðveldara er hins vegar að lagfæra slíkt land eftir strenglögn heldur en klapparholt og skóglendi og ætti strengleiðin að gróa upp á einu til tveimur árum.</p> <p>Meðfylgjandi er kort sem sýnir nýja hugmynd að legu jarðstrengs Hólasandslínu 3 um þetta svæði.</p>	<p>breytta legu jarðstrengs Hólasandslínu 3 þannig að hún verði lögð á svæðinu vestan við og samsíða núverandi loftlínu Rarik (sem er vestan Kröflulínu). Hverfisverndarsvæði Naustaflóa verði jafnframt minnkað að Kröflulínu. Loftlína Rarik verður lögð í jarðstreng og áhersla er á að samnýta sem mest það svæði sem fer undir jarðstrengina til að raskað svæði verði sem minnst. Hefur verið lagfært á aðalskipulagsupprætti.</p>
23	Landsnet	<p>1. Vantar að sýna helgunarsvæði 220 kV raflína. Hámarkshelgunarsvæði 220 kV loftlínu gæti verið 65-75 m en fyrir jarðstrengslögn Hólasandslínu 3 yrði að vera 12-20 m belti á undirbúningsstigi framkvæmdar. Landsnet óskar eftir að í skipulagstillögu verð gert ráð fyrir helgunarsvæðum 220 kV loftlína.</p> <p>2. Við frekari vinnu á vettvangi við Hólasandslínu 3 hefur komið í ljós að Landsnet telur æskilegt að vikið sé lítillaga út frá afmarkaðri jarðstrengsleið valkostar sem gerð er tillaga um í aðalskipulaginu.</p>	<p>1. Helgunarsvæði raflínanna hefur verið bætt á þéttbýlisupprátt.</p> <p>2. Skipulagsráð/bæjarstjórn fellst ekki á breytta legu jarðstrengs Hólasandslínu 3 samkvæmt tillögu Landsnets sem fer of langt inn á hverfisverndarsvæði Naustaflóa. - Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir breytta legu jarðstrengs Hólasandslínu 3 þannig að hún verði lögð á svæðinu vestan við og samsíða núverandi loftlínu Rarik (sem er vestan Kröflulínu). Hverfisverndarsvæði Naustaflóa verði jafnframt minnkað að Kröflulínu. Loftlína Rarik verður lögð í jarðstreng og áhersla er á að samnýta sem mest það</p>

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
		<p>3. Landsnet hefur að svo stöddu engar tímasettar áætlanir um aflagningu lína og/eða að setja þær í jörðu. Framtíð umræddra loftlína ræðst að miklu leyti af því hvernig uppbyggingaráform 220 kV meginflutningskerfisins á Norðurlandi ganga eftir. Það skiptir m.a. máli í hvaða röð verður ráðist í einstakar línuframkvæmdir (Kröflulína 3, Hólasandslína 3 og Blöndulína 3). Uppbyggingarhraði og tímaröð framkvæmda geta haft áhrif á hve langa kafla af 220 kV línunum og línunum af lægri spennu er hægt að setja í jörð.</p> <p>4. Á séruppráttum fyrir þéttbýli er m.a. sýnt að í stað núverandi loftlína verði lagðir jarðstrengir samkvæmt stefnu aðalskipulagsins. Landnet telur að núverandi staða línanna þurfi að koma fram á uppráttinum. Einnig geti staðsetning breyst komi til lagningar jarðstrengs.</p> <p>5. Ekki er greint frá strenglögnum Rarik samsíða Kröflulínu 1 og Laxárlínu 1 frá Rangárvöllum.</p> <p>6. Gæti verið til bóta að aðgreina línur eftir eignarhaldi og tilgreina spennu línanna.</p>	<p>svæði sem fer undir jarðstrengina til að raskað svæði verði sem minnst. Hefur verið lagfært á aðalskipulagsupprætti.</p> <p>3. Aðalskipulagið sýnir stefnumörkun Akureyrar.</p> <p>4. Núverandi staða hefur verið færð á sérupprátt, en ekki er fallist á að sýna hana á aðalupprætti, sem sýnir stefnumörkun Akureyrarkaupstaðar.</p> <p>5. Loftlínu Rarik sem lögð verður í jörð hefur verið bætt á uppráttinn. Aðeins eru sýndar raflínur sem eru 66 kV og stærri.</p> <p>6. Ekki tekið undir að sýna eignarhald, þar sem það er ekki aðalskipulagsmál hvert eignarhaldið er. Spenna raflínanna verður færð á aðalskipulagsuppráttinn.</p>
33	Rarik	<p>Á fundi með fulltrúum RARIK, Landsnets og Akureyrarbæjar í gær, 11. janúar, var rætt um að gera sérstaka lagnaleið fyrir strengi fyrirtækjanna. RARIK gerir ekki athugasemdir hvað þetta atriði varðar enda er lega dreifistrengja almennt ekki í upprætti aðalskipulags en kann þó ef tækifæri gefst nýta sér strengleið sem Landsnet kann að óska eftir ef svo ber undir. – Uppdrættir fylgja.</p>	<p>Skipulagsráð/bæjarstjórn tekur undir athugasemdina.</p>
		<p>Skammtímaleiga</p>	
8	Knútur Bruun kt. 081135-2589	<p>Knútur Bruun gerir athugasemd við skilmála reits ÍB1 - Fjaran, Lækjargil, Spítalastígur. Knútur óskar eftir að bætt verði í skilmála reitsins: „Heimilt er að veita leyfi til rekstar</p>	<p>Skipulagsráð/bæjarstjórn telur að ekki sé hægt að heimila skammtímaleigu á svæðinu á grundvelli auglýstrar tillögu, þar sem það sé breyting af þeirri</p>

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		og/eða þjónustu í fasteignum á þessu svæði í einstökum tilfellum, enda falli slíkar leyfisveitingar að öllum reglum laga og reglugerða sem í gildi eru á hverjum tíma.“ Rök fyrir breytingunni eru að í eldri bæjarhlutum búi gjarna menning og saga sem vekur áhuga gesta og laðar þá til sín. Nauðsynlegt sé því að blanda saman fallegri íbúðarbyggð og aðlaðandi þjónustu fyrir ferðamenn sem og aðra gesti, enda sé það í samræmi við markmið varðandi ferðamál.	stærðargráðu sem íbúar þurfi að fá tækifæri til að tjá sig um. Skipulagsráð fellst á nauðsyn þess að málið verði skoðað heildstætt með rammaskipulagi sem taki á skammtímaleigu og ráðist verði í þá vinnu strax eftir staðfestingu aðalskipulagsins.
40	Gunnar Pétur Árnason	Gunnar Pétur hefur fjárfest í húsum á Oddeyri með skammtímaleigu í huga. Hann telur að húsin séu vel til þess fallin að nýta í þessa starfsemi vegna nálægðar við miðbæinn og ekki þurfi að óttast ónæði við nágretta þar sem húsin sem standa næst eru nýtt sem íverustaðir fyrir erlenda verkamenn, og svo séu önnur gistihús í næsta nágrenni. Nálægð við miðbæinn er til staðar þannig að mikið er um skammtímaleiguíbúðir og mjög mismunandi notkun er á húsunum á eyrinni. Hann telur slæmt ástand vera á mörgum húseignum syðri hluta eyrarinnar og umhverfið allt í niðurníðslu. Aldraðir og efnaminni íbúar séu ekki í stakk búnir til að fara út í kostnaðarsamar endurbætur og segir bæinn þarfnast sérstakra fjárfesta sem hafa áhuga og getu til að fara í þetta verkefni.	Skipulagsráð/bæjarstjórn telur að ekki sé hægt að heimila skammtímaleigu á svæðinu á grundvelli auglýstrar tillögu, þar sem það sé breyting af þeirri stærðargráðu sem íbúar þurfi að fá tækifæri til að tjá sig um. Skipulagsráð fellst á nauðsyn þess að málið verði skoðað heildstætt með rammaskipulagi sem taki á skammtímaleigu og ráðist verði í þá vinnu strax eftir staðfestingu aðalskipulagsins.
45	Gista Apartments Gránufélagsgötu 43	Mótmælt er að skammtíma íbúðaleiga sé ekki velkomin á svæðinu. Megnið af því húsnæði sem hafi verið gert upp á Eyri sé í svipaðri starfsemi. Þau mótmæla að á Eyri verði eingöngu íbúðarbyggð án gistireksturs, og telja fráleitt að þessi bæjarhluti sé ekki talinn til Miðbæjarins.	Skipulagsráð/bæjarstjórn telur að ekki sé hægt að heimila skammtímaleigu á svæðinu á grundvelli auglýstrar tillögu, þar sem það sé breyting af þeirri stærðargráðu sem íbúar þurfi að fá tækifæri til að tjá sig um. Skipulagsráð fellst á nauðsyn þess að málið verði skoðað heildstætt með rammaskipulagi sem taki á skammtímaleigu og ráðist verði í þá vinnu strax eftir staðfestingu aðalskipulagsins.
		Erfðafestur	
15	Kristinn Hugason, kt. 081258-4069 Línakri 1a 210 Garðabæ.	Kristinn er þinglýstur eigandi að erfðafesturétti á landi nr. 628 og 646. En faðir minn heitinn; Hugi Kristinsson, fékk þeim upphaflega úthlutað fyrir rúmlega hálfri öld síðan; girti þær og ræktaði og hafa löndin verið í samfelldum nýtum sem tún og bithagi, allar götur síðan. Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir að reiðstígur liggji um erfðafesturnar á mörkum landa 628 og 646 og jarðstrengur efst í landi 628. Þessi	Skipulagsráð/bæjarstjórn synjar erindinu. Erfðafestur eru gamalt form og stefna bæjarins er að kaupa þær upp eftir því sem skipulag krefst.

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		<p>tillaga kemur sér eins illa og verið getur m.t.t. hagsmuna minna er varða nytjar landsins. Reiðstígurinn klífur landið á versta stað, m.t.t. samspils beitar og skjóls fyrir hrossin hvort sem er hin manngerðu eða þau náttúrulegu og hætta kann að vera að lagning jarðstrengsins skemmi vatnsuppsprettuna (kaldavermslið). Að þessu sögðu er fyrirhuguðum framkvæmdum mótmælt og er það eindregin ósk mín að fundin verði leið sem tekur betur tillit til þeirra mikilsverðu hagsmuna sem hér hafa verið nefndir til sögunnar.</p> <p>Ég legg því til að drögum að aðalskipulagi verði breytt með þeim hætti að gert verði ráð fyrir að hvoru tveggja jarðstrengurinn og reiðstígurinn liggja sem allra efst í landi 628 og við framkvæmdina verði þess gætt að uppsprettulindin verði ekki eyðilögð og vatninu úr henni verði veitt áfram í farveg sinn í hólfinu. Enda komi bætur fyrir girðingar og það rask sem af þessu hlýst. Yfirlýsingu Akureyrarbæjar í bréfi dags. 6. desember sl. um innlausn heilu erfðafestnanna er jafnframt mótmælt einarðlega og minnt á lagalegan rétt undirritaðs sem eiganda erfðafesturéttarins.</p>	
46	Rósa María Stefánsdóttir	<p>Rósa María, landeigandi að erfðafestulandi að Kífsá, óskar eftir fundi hjá skipulagssviði til að ræða fyrirhugaðar framkvæmdir á viðkomandi landi. Ekki sé hægt að glöggva sig á hverjar áætlanir Akureyrarbæjar eru nákvæmlega varðandi landareignina; hvort meiningin er að fara um landið með raflínu og semja við landeiganda um þá kvöð á landinu eða hvort meiningin er að bærinn leysi landið til sín. Henni myndi hugnast hið fyrrgreinda betur, en vitnar jafnframt í bréf með athugasemd við fyrirhugaðri staðsetningu raflínunnar þar sem hún lagði til að hún yrði lögð í þeim hluta Kífsárlands sem Akureyrarbær á nú þegar og er einungis steinsnar frá þeim stað sem línan er teiknuð á nú. Hefði helst kosið það síðastnefnda.</p>	<p>Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að samningur um erfðafestuna verði endurskoðaður og kvöð sett um lagningu raflínu um landið.</p>
		Ýmislegt	
43	Guðni Helgason Klettaborg 4, t.v.	<p>1. KA Svæði: Lagt er til að raðhús verði byggð hér. KA menn nota þennan skika að sumri til æfinga og mótahalds. Auk þess er aðkoma að Lundarskóla nú þegar erfið og þrengt um of bæði að skólanum og KA svæðinu með því sem fyrirhugað er. Ef KA menn ætla að hætta að nota svæðið til æfinga ætti það að verða hluti að lóð Lundarskóla.</p>	<p>1. Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu sem stofnanasvæði, en sett verði ákvæði um að uppbygging þess sé háð stefnumótun um uppbyggingu íþróttamannvirkja og með hliðsjón þörfum stofnanna á svæðinu. Mögulega mun Lundasel flytjast á „San Síró“ í framtíðinni og íbúðauppbygging verði þar sem Lundasel</p>

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		<p>2. Tjaldsvæðisreitir: Hér á að byggja raðhúsaíbúðir. 20 íbúðir á 2,1 ha. Taka ber tillit starfsemi Þórunnarstrætis 99 í því samhengi.</p> <p>3. Ofan Glerártorgs: Hér stendur til að byggja 85 íbúðir á 0,9 ha sem er nokkuð mikið og ljóst að 4-9 hæða blokkir eru fyrirhugðar á svæðinu. Það er vandséð að svæðið beri þetta. Aðgengismál verða erfið og munu raska bæði Byggðavegi og Klettaborg sem aðgangsvegum Norðurbrekku í núverandi mynd. Glerártorg er stærsta verslunarmiðstöð utan höfuðborgarsvæðisins og mun umferð þar líklega aukast þegar að Vaðlaheiðargöng verða opnuð. Minnismarki um iðnað á Gleráreyrum er staðsett í brekkunni norðan Byggðavegar. Ekki er ljóst hvort að sá staður þarf að víkja. Rétt væri að halda sig við sambærileg hús og eru að meirihluta í nágrenninu.</p> <p>4. Sunnan HA og Austan HA: svæðin eru samtals 3,5 ha og eiga að bera 100 íbúðir. HA þarf að eiga svæði í kringum sig svo að hann geti stækkað í framtíðinni. Því er betra að þrengja ekki að honum með þessum áformum.</p> <p>5. Að lokum telur Guðni að þétting byggðar á Akureyri sé góð og gild tillaga. Margar ágætær hugmyndir þess efnis komi fram í Aðalskipulagstillögu. Þó beri að virða rétt allra íbúa Akureyrar til aðkomu og útsýnis.</p>	<p>er nú. Svæðið er til komið að frumkvæði íþróttafélagsins KA og unnið í fullri samvinnu við félagið. Hefur verið lagfært á aðalskipulagsupprætti og í greinargerð.</p> <p>2. Vísað til deiliskipulags svæðisins.</p> <p>3. Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að byggingarmagn verði miðað við 50 íbúðir, en skilmálum um hæð verði vísað til útfærslu í deiliskipulagi. Sett verði ákvæði um varúð við byggingarframkvæmdir. Hefur verið lagfært í greinargerð.</p> <p>4. Skipulag þessara reita er unnið í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Svæði S20 tilheyrir Háskólanum á Akureyri, heimilt er að byggja íbúðir tengdar starfsmönnum og nemendum háskólans. Svæði ÍB6 er ætlað fyrir íbúðir stúdenta og kennara.</p> <p>5. Skipulagsráð/bæjarstjórn þakkar athugasemdina.</p>
44	Jón Hjaltason kt 240159-3419 Byggðavegi 101B 600 Akureyri	<p>1. Jón mótmælir því að byggja á bílastæðum í Hofsbót vestan Glerárgötu, þar sem það verði ekki gert nema stórfækka bílastæðum. Ekki á að leyfa frekari byggingar á þessum slóðum fyrr en reist hefur verið bílastæðahús.</p> <p>2. Þrenging 550 m kafla frá Kaupvangsstræti norður að gatnamótum Grænugötu og Smáragötu stríðir gegn yfirlýstu markmiði skipulagsins um greiðfæra umferð og um afar kostnaðarsama aðgerð við að mjókka og færa til götustæðið. Framkvæmdin á að</p>	<p>1. Gert er ráð fyrir að eitt eða fleiri bílastæðahús verði byggð samhliða uppbyggingu á Skipagöturéit.</p> <p>2. Ekki er tekin afstaða til þrengingar Glerárgötu í aðalskipulaginu, en í gildandi deiliskipulagi Miðbæjar er</p>

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		<p>vera afturkallanleg. Með öðrum orðum, það á að setja hundruð milljóna í gatnabreytingu sem yfirvöld bæjarins gera ráð fyrir að þurfi ef til vill að breyta til fyrri vegar. Ávinningur er afar vafasamur.</p> <p>3. Lýsingu skortir á fyrirhuguðum vegi úr Hagahverfi, norður og niður brekkuna, í gegnum ofanverða Gróðrarstöðina, norður í beygjuna í Naustabrekku. Jón telur að þarna sé vegið að umfangsmikilli trjárækt sem stríðir gegn áherslu á skógrækt, útivist, umhverfismál og ekki síst mikilvægi þess að binda koltvísýring. Auk þess gefur það augaleið að íbúar Hagahverfis munu í ríkum mæli leita niður á Drottningarbraut sem eykur umferðarþunga um hina þrengdu Glerárgötu.</p> <p>4. Íþróttavöllurinn við Hólabraut þar sem á að reisa allt að 150 íbúðir. Engin leið er að samþykkja slík áform án þess að sjá nánari útfærslu.</p> <p>5. Á æfingavelli KA skal byggja 25 íbúðir og á æfingavellinum við Skarðshlíð 70 til 90. Ég spyr, hafa íþróttafélögin verið spurð? Og hvert var þeirra álit?</p>	<p>reiknað með þrengingu. Þetta verður skoðað nánar í uppfærslu miðbæjarskipulags.</p> <p>3. Skipulagsráð/bæjarstjórn telur veginn nauðsynlegan þegar ÍB15 byggist upp á síðari hluta skipulagstímabilsins.</p> <p>4. Fullt samstarf er við KA varðandi framtíð vallarins, en samningur við félagið rennur út árið 2024. Nánari úfærsla verður unnin í deiliskipulagi svæðisins.</p> <p>5. Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu á æfingavelli KA inni í aðalskipulaginu sem stofnanasvæði, en sett verði ákvæði um að uppbygging þess sé háð stefnumótun um uppbyggingu íþróttamannvirkja og með hliðsjón þörfum stofnanna á svæðinu. Mögulega mun Lundasel flytjast á „San Síró“ í framtíðinni og íbúðaupbygging verði þar sem Lundasel er nú. Svæðið er til komið að frumkvæði íþróttafélagsins KA og unnið í fullri samvinnu við félagið. Hefur verið lagfært á aðalskipulagsupprætti og í greinargerð. Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu við Skarðshlíð inni í aðalskipulaginu, en sett verði ákvæði um að uppbygging þess sé háð stefnumótun um uppbyggingu íþróttamannvirkja. Í tímasetningu og forgangsröðun svæða bls. 29 í greinargerð hefur æfingasvæðið verið sett „ótímasett“.</p>
--	--	--	---

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		<p>6. Jón vísar í athugasemdir sem Snævarr Örn Georgsson hefur gert við Kotárborgir.</p> <p>7. Jón spyr hvort ekki sé gert ráð fyrir lagningu stíga um skógarsvæðið fyrir ofan Hafnarstræti.</p> <p>8. Jón telur að framtíðarsýn um „að samnýta/sameina leik- og grunnskóla sé ekki góð hugmynd. Byggja þurfi við leikskólana, stækka bílastæði og byggja sérstaka leikvelli fyrir leikskólabörnin.</p>	<p>6. Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu, <i>en að það verði stytt í austurendann þar sem það er mjóst</i>. Sett verði í skilmála að ekki verði farið í uppbyggingu þess fyrr en að loknum jarðvegsrannsóknnum, og verði þá endanlega ákveðið hvar á svæðinu verði byggt. Skerpt verður á skilmálum varðandi að skipulag byggðar verði aðlagð að klöppum og útivistarsvæði norðan og vestan svæðisins.</p> <p>7. Þarna eru stikaðar gönguleiðir, en ekki er gert ráð fyrir lagningu göngustíga til að koma í veg fyrir jarðvegsrask vegna skriðu- og snjóflóðahættu.</p> <p>8. Þetta er samkvæmt ákvörðun fræðsluráðs en ekki skipulagsyfirvalda.</p>
		Kotárborgir	
20	Hilmar Guðmundsson Klettagerði 2, Kristín Björk Þórsdóttir, Hanna Rún Hilmarsdóttir, Auður Ósk Hilmarsdóttir	Fjórir undirritaðir íbúar mótmæla tillögum um nýja íbúðarbyggð í Kotárborgum og hvetja bæjaryfirvöld að virða fyrri ákvarðanir um verndun grænna svæða og viðhalds líffræðilegs fjölbreytileika innan bæjarmarkanna. Þau lýsa jafnframt fullum stuðningi við athugasemdir sem fram koma í greinargerð um nýtt aðalskipulag Akureyrar eftir Snævarr Örn Georgsson.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu, <i>en að það verði stytt í austurendann þar sem það er mjóst</i> . Sett verði í skilmála að ekki verði farið í uppbyggingu þess fyrr en að loknum jarðvegsrannsóknnum, og verði þá endanlega ákveðið hvar á svæðinu verði byggt. Skerpt verður á skilmálum varðandi að skipulag byggðar verði aðlagð að klöppum og útivistarsvæði norðan og vestan svæðisins. Verður lagfært á uppdrætti og í greinargerð.

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
21	Snævarr Örn Georgsson kt. 060590-2659	<p>Þótt byggð í Kotárborgum hafi minnkað frá fyrri tillögum er hún enn of mikil og eyðileggur útivistargildi og framtíðarverðmæti klappanna. Þessi tveir skipulögðu byggingarreitir skilja eftir autt svæði á milli sín sem freistandi væri að nýta undir byggð í framtíðinni og eftir sitjum við þá með mjóa rönd meðfram Glerá sem nýtist lítið sem ekkert.</p> <p>Loforð um að hreyfa ekki við klöpp séu í besta falli hlægileg. Snævarr Örn hefur merkt inn klappir sem að sjást á yfirborðinu og telur að alls staðar annars staðar sé örstutt niður á klöpp og því þarf að fleyga allar veitur (heitt vatn, kalt vatn, fráveita, ofanvatn, rafmagn, ljósleiðari, fjarskiptastrengir) og húsgrunna í klöpp.</p> <p>Á Kotárborgum er hinsvegar verið að byggja á ísaldarklöppum og fallett náttúru sem er alveg upp við svæði á náttúruminjaskrá og því eiga hefðbundin rök um þéttingu byggðar alls ekki við.</p> <p>Auk þess er fyrirhuguð íbúðabyggð fyrir háskólann alveg upp við stærsta og flottasta hvalbakið á klöppunum og munu byggingar fela lóðréttu klettaveggina og þrengja mjög að þessari náttúrusmíð og gera lítið úr henni.</p> <p>Snævarr segir að Pálmhóltsreiturrinn er nú þegar raskaður og ekki þarf frekari gatnagerð til að tengja hús á þeim reit, það væri því vissulega þétting byggðar að nýta þann reit betur og með réttri hönnun væri hægt að koma þar fyrir góðum fjölda íbúða í fjölbýli/raðhúsum. Hann vill að fallið verði frá fyrirhugaðri byggð á Kotárborgum, bæði íbúðabyggð og stofnanatengdri byggð. Kotárborgir verði skipulagðar sem útivistarsvæði og að byggðin verði einskorðuð við Pálmhóltsreitinn.</p>	<p>Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu, en að það verði stytt í austurendann þar sem það er mjóst. Sett verði í skilmála að ekki verði farið í uppbyggingu þess fyrr en að loknum jarðvegsrannsóknnum, og verði þá endanlega ákveðið hvar á svæðinu verði byggt. Skerpt verður á skilmálum varðandi að skipulag byggðar verði aðlagð að klöppum og útivistarsvæði norðan og vestan svæðisins. Verður lagfært á uppdrætti og í greinargerð.</p>
24	Ólafur Rúnar Ólafsson kt. 100575-4349, Kambagerði 4, Akureyri	<p>Ólafur leggur til að ekki verði ráðist að Kotárborgum, þessu síðasta græna svæði í miðju bæjarins, hann vill fella burt eða minnka mjög verulega byggingaráform og takmarka þau við syðsta svæði á Pálmholti, þar sem nú er byggt, og nyrsta svæðið við Sólborg.</p> <p>Hann telur fulla ástæðu til að verja þetta svæði og huga fremur að því sem útivistarsvæði framtíðarinnar fyrir Akureyri – komandi kynslóðir. Þarna sé umtalsverð umferð fólks og troðnir stígar, sem mótast fyrir um allt svæðið. Þarna er grænt svæði, þar sem trjágróður hefur náð að festa rætur, stígar hafa myndast af umferð gangandi, bæði yfir klappi og meðfram Glerá og fuglalíf er þar afar blómlegt.</p>	<p>Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu, en að það verði stytt í austurendann þar sem það er mjóst. Sett verði í skilmála að ekki verði farið í uppbyggingu þess fyrr en að loknum jarðvegsrannsóknnum, og verði þá endanlega ákveðið hvar á svæðinu verði byggt. Skerpt verður á skilmálum varðandi að skipulag byggðar verði aðlagð að klöppum og útivistarsvæði norðan og vestan svæðisins. Verður lagfært á uppdrætti og í greinargerð.</p>

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
		Hann telur ýmsa kosti svæðisins, svo sem aðstöðu til að skoða Norðurljós, möguleika til gönguskíðaiðkunar o.fl. Hann bendir á möguleika að bæta aðgengi að svæðinu, t.d. með göngubrú úr Giljahverfi yfir á svæðið.	- Ekki er tekið undir hugmynd um göngubrú úr Giljahverfi, þar sem hún myndi raska svæði ÖN1 Glerárgil, sem er á C-hluta náttúruminjaskrár. Um svæði á C-hluta náttúruminjaskrár segir m.a.: „Óheimilt er að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema brýna nauðsyn beri til og sýnt þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.“
28	Sigrún María Bjarnadóttir	Sigrún María mótmælir því að Kotárborgir verði nýttar undir íbúðarbyggð.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu, en að það verði stýtt í austurendann þar sem það er mjóst. Sett verði í skilmála að ekki verði farið í uppbyggingu þess fyrr en að loknum jarðvegsrannsóknnum, og verði þá endanlega ákveðið hvar á svæðinu verði byggt. Skerpt verður á skilmálum varðandi að skipulag byggðar verði aðlagð að klöppum og útivistarsvæði norðan og vestan svæðisins. Verður lagfært á uppdrætti og í greinargerð.
30	Andri Teitsson og Auður Hörn Freysdóttir Klettagerði 4	Þau lýsa áhyggjum af hugmyndum um þéttingu byggðar á Kotárborgum. Þau telja að ef þar verður samt sem áður byggt þá sé mikilvægt að: 1. aðkoma frá Þingvallastræti verði um nýja tengingu á móts við Miðhúsabraut, en alls ekki um Vallargerði eða Grundargerði. 2. Ný byggð verði í amk 100 metra fjarlægð frá núverandi byggð í efra Gerðahverfi, til að kollvarpa ekki forsendum sem fólk hefur haft fyrir að kaupa þar fasteignir á friðsælum stað í jaðri byggðar.	1. Skipulagsráð/bæjarstjórn tekur er undir þessa ábendingu og samþykkir að þessu verði bætt við skilmála svæðisins. 2. Skil verða milli nýrrar byggðar og núverandi byggðar í efra Gerðahverfi, en ekki er tekið undir að þessi fjarlægð verði til viðmiðunar.

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		3. byggð verði ekki of nálægt Glerá, meðal annars vegna hættu sem börnum mun stafa af hinu djúpa klettagljúfri.	3. Skipulagsráð/bæjarstjórn tekur er undir þessa ábendingu og samþykkir að þessu verði bætt við skilmála svæðisins.
32	Gísli Einar Árnason Stóragerði 17,	Gísli gerir athugasemd við nýtingu Kotárborga undir íbúabyggð. Flestar af þessum athugasemdum hafi áður komið fram, en séu settar hér aftur fram í breyttri mynd þar sem ekki er nægjanlega mikið tillit tekið til athugasemda í fyrr í ferlinu. Kotárborgir eru eina svæðið inni í miðri byggð á Akureyrari sem hefur enn að geyma ósnortna náttúru á stóru svæði. Árið 2005 voru Krossanesborgir friðlýstar sem fólkvangur vegna útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslugildis. Þar verpa um 27 tegundir fugla. Í Kotárborgum á allt þetta sama við; þar er ríkulegt fuglalíf (um 20 tegundir sem þar verpa), og þar er mikil útivist. Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti Staðardagskrá 21 í maí 2010 þar sem segir: "Gerð áætlunar um tilhögun verndunar á náttúrulegu lífríki og jarðmyndum í byggðinni, t.d. á ísaldarklöppunum í Kotárborgum". Eitt af markmiðunum með nýju aðalskipulagi Akureyrarbæjar er að skapa öruggt og heilnæmt umhverfi sem hvetur til útiveru - á sama tíma leggja þessi sömu drög til að ósnortin útivistarperla í miðjum bænum verði tekin undir þéttingu byggðar. Með aukinni byggð við Gerðahverfið má búast við aukinni umferð. Gísli Einar telur fásinnu að ætla að engin gegnumstreymisumferð verði um núverandi Gerðahverfi.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu, en að það verði stytt í austurendann þar sem það er mjóst. Sett verði í skilmála að ekki verði farið í uppbyggingu þess fyrr en að loknum jarðvegsrannsóknnum, og verði þá endanlega ákveðið hvar á svæðinu verði byggt. Skerpt verður á skilmálum varðandi að skipulag byggðar verði aðlagð að klöppum og útivistarsvæði norðan og vestan svæðisins. Verður lagfært á uppdretti og í greinargerð.
37	Eyrún Kristína Gunnarsdóttir kt. 110375-5309	Í Kotárborgum eru miklar klappir. Fyrirséð er að byggingar, gatnagerð, veitur og annað sem fylgir nái ekki fram að ganga nema með sprengingum og verulegu jarðraski. Ekki er séð að athugun hafi verið gerð á þessum þáttum. Fyrirliggjandi skipulagsáformum í Kotárborgum er mótmælt, og áskilinn er réttur til að gera Akureyrarbæ ábyrgan gagnvart hverskyns röskun á hagsmunum undirritaðs sem leiða kann af framgangi skipulagstillögunnar.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu, en að það verði stytt í austurendann þar sem það er mjóst. Sett verði í skilmála að ekki verði farið í uppbyggingu þess fyrr en að loknum jarðvegsrannsóknnum, og verði þá endanlega ákveðið hvar á svæðinu verði byggt. Skerpt verður á skilmálum varðandi að skipulag byggðar verði aðlagð að klöppum og útivistarsvæði norðan og vestan svæðisins.

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
38	Finnur Aðalbjörnsson kt. 211266-5469	Í Kotárborgum eru miklar klappir. Fyrirséð er að byggingar, gatnagerð, veitur og annað sem fylgir nái ekki fram að ganga nema með sprengingum og verulegu jarðraski. Ekki er séð að athugun hafi verið gerð á þessum þáttum. Fyrirliggjandi skipulagsáformum í Kotárborgum er mótmælt, og áskilinn er réttur til að gera Akureyrarbæ ábyrgan gagnvart hverskyns röskun á hagsmunum undirritaðs sem leiða kann af framgangi skipulagstillögunnar.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu, en að það verði stytta í austurendann þar sem það er mjóst. Sett verði í skilmála að ekki verði farið í uppbyggingu þess fyrr en að loknum jarðvegsrannsóknnum, og verði þá endanlega ákveðið hvar á svæðinu verði byggt. Skerpt verður á skilmálum varðandi að skipulag byggðar verði aðlagð að klöppum og útivistarsvæði norðan og vestan svæðisins. Verður lagfært á uppdrætti og í greinargerð.
39	Sólveig Hallgrímsdóttir kt. 020472-2949	Í Kotárborgum eru miklar klappir. Fyrirséð er að byggingar, gatnagerð, veitur og annað sem fylgir nái ekki fram að ganga nema með sprengingum og verulegu jarðraski. Ekki er séð að athugun hafi verið gerð á þessum þáttum. Fyrirliggjandi skipulagsáformum í Kotárborgum er mótmælt, og áskilinn er réttur til að gera Akureyrarbæ ábyrgan gagnvart hverskyns röskun á hagsmunum undirritaðs sem leiða kann af framgangi skipulagstillögunnar.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu, en að það verði stytta í austurendann þar sem það er mjóst. Sett verði í skilmála að ekki verði farið í uppbyggingu þess fyrr en að loknum jarðvegsrannsóknnum, og verði þá endanlega ákveðið hvar á svæðinu verði byggt. Skerpt verður á skilmálum varðandi að skipulag byggðar verði aðlagð að klöppum og útivistarsvæði norðan og vestan svæðisins. Verður lagfært á uppdrætti og í greinargerð.
42	Ólafur Halldórsson kt. 300854-2149 Kolgerði 2, Gígja Gunnarsdóttir, Halldór Halldórsson, Halldóra Skúladóttir, Agnes Eyfjörð, Elías Óskarsson	Undirrituð lýsa yfir stuðningi við greinargerð Snævars Georgssonar um Kotárborgir. Þau gera athugasemd við að fjárfestingar nýtist betur með þessari þéttingu þar sem leggja þarf götur, ljósastaura o.fl. Skólar í nágrenninu séu fullsetnir. Nóg sé af byggingarlandi út skipulagstímabilið þótt Kotárborgir séu teknar út. Ýmsar fleiri athugasemdir þar sem þau telja Kotárborgir ekki uppfylla kosti þéttingar byggðar. Vísað er í greinargerð Snævars varðandi græn svæði, náttúru og útivist.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu, en að það verði stytta í austurendann þar sem það er mjóst. Sett verði í skilmála að ekki verði farið í uppbyggingu þess fyrr en að loknum jarðvegsrannsóknnum, og verði þá endanlega ákveðið hvar á svæðinu verði byggt. Skerpt verður á skilmálum varðandi að skipulag byggðar verði aðlagð að klöppum og útivistarsvæði norðan og vestan svæðisins. Verður lagfært á uppdrætti og í greinargerð.

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
49	Georg Ólafur Tryggvason kt.191155-7349 Háagerði 3.	<p>1. Georg vísar í greinargerð Snævars Arnar Georgssonar. Hann telur eðlilegt draga þær ályktanir að á næstu 60 árum mun Akureyri rúmlega tvöfalda núverandi umfang og gerir athugasemd við óafturkræfar framkvæmdir eins og það að ætla að byggja á Kotárborgum.</p> <p>2. Hann gerir einnig athugasemd við að byggja á Akureyrarvelli, sem sé kjörinn til mannfagnaðar og í raun eini staðurinn til slíks tilefnis, auk þess að vera í beinni tengingu við miðbæinn og með mjög góða tengimöguleika við Glerártorg (þjónusta og bílastæði).</p>	<p>1 Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að halda þéttingarsvæðinu inni í aðalskipulaginu, en að það verði stytt í austurendann þar sem það er mjóst. Sett verði í skilmála að ekki verði farið í uppbyggingu þess fyrr en að loknum jarðvegsrannsóknnum, og verði þá endanlega ákveðið hvar á svæðinu verði byggt. Skerpt verður á skilmálum varðandi að skipulag byggðar verði aðlagð að klöppum og útivistarsvæði norðan og vestan svæðisins. Verður lagfært á uppdrætti og í greinargerð.</p> <p>2. Fullt samstarf er við KA varðandi framtíð vallarins, en samningur við félagið rennur út árið 2024. Nánari úfærsla verður unnin í deiliskipulagi svæðisins.</p>
Svæði við Glerártorg			
36	Björn Torfi Björnsson kt. 021288-3499 Kringlumýri 18	<p>Björn Torfi mótmælir fyrirhuguðum breytingum um þéttingu byggðar á reit 1B4. Mótmælt er nýrri landnotkun á svæðinu neðst og norðan við Byggðaveg (ofan Glerártorgs) þar sem í gildandi aðalskipulagi er óbyggt svæði, en nú er gerð tillaga um íbúðarsvæði með háreistum fjölbýlishúsum fyrir 85 íbúðir í nágrenni við lágreista byggð.</p> <p>Með þessari tillögu er verið að breyta yfirbragði hverfisins (Klettaborgir) og loka því til norðurs. Svæðið er afar bratt og líklega mótuð af grunnu landi á klöpp. Á svæðinu eru minnismarki tengd sögu Sambandsverksmiðjanna. Fjölbýlishús eru í ósamræmi við lágreista byggð í hverfinu og mynda múr sem skyggir á ásýnd hverfisins úr norðri. Sprengingar og fleyganir á byggingartíma hafa truflandi áhrif á nálæga byggð. Ekki sést hvernig leysa á bílastæðapörf. Umferð um Klettaborg mun aukast. Gatnamót Gleráreyra og Þórunnarstrætis eru óheppileg og þola illa aukna umferð þar sem þau eru nálægt gatnamótum við Glerárgötu.</p> <p>Heppilegra er að svæðið verði nýtt sem verslunar- og þjónustusvæði og lágreist mannvirki byggð inn í brekkuna. Einnig notað sem snjósöfnunarsvæði.</p>	<p>Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að byggingarmagn verði miðað við 50 íbúðir, en skilmálum um hæð verði vísað til útfærslu í deiliskipulagi. Sett verði ákvæði um varúð við byggingarframkvæmdir. Hefur verið lagfært í greinargerð.</p>

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
41	Anton Örn Brynjarsson kt 270559-7199 Klettastíg 1, 600 Akureyri	<p>Anton Örn gerir athugasemd varðandi þéttingu byggðar á svæði ofan Glerártorgs, Ytri brekka vestur ÍB 4. Hann telur þéttingu byggðar almennt vera jákvæða þróun. Hins vegar telur hann fjölda íbúða (85 íbúðir á 0,9 ha) og þéttleikann sem gert er ráð fyrir að byggja á umræddu svæði of mikinn og ekki í samræmi við núverandi byggð við Byggðaveg og nágrenni. Þessi fjöldi íbúða / þéttleiki kallar á hærri byggingar en eru við Byggðaveg sem hann telur ekki í samræmi við núverandi byggð.</p> <p>Anton telur að erfitt verði að ná þeim markmiðum sem getið er á bls. 22 í umhverfisskýrslu sem fylgir aðalskipulagstillögunn: Við hönnun bygginga þarf að gera kröfur um að þær falli í heildarsvipmót viðkomandi hverfis og á það einkum við um eldri hverfi. Einnig þarf að gæta þess að hæð bygginga sé ekki svo mikil að þær trufla útsýni eða skyggi á, eftir því sem við á.</p> <p>Anton telur að aðgengi að umræddum íbúðum og fyrirkomulag bílastæða verði ekki fullnægjandi og hafi í för með sér truflandi áhrif á núverandi byggð.</p>	<p>Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að byggingarmagn verði miðað við 50 íbúðir, en skilmálum um hæð verði vísað til útfærslu í deiliskipulagi. Sett verði ákvæði um varúð við byggingarframkvæmdir. Hefur verið lagfært í greinargerð.</p>
50	Fanney Haukdóttir kt 170561-7249 Hraf nabjörgum 2, 600 Akureyri	<p>Fanney gerir athugasemd varðandi þéttingu byggðar á svæði ofan Glerártorgs, Ytri brekka vestur ÍB 4.</p> <p>Hún telur þéttingu byggðar almennt vera jákvæða þróun. Hins vegar telur hún fjölda íbúða (85 íbúðir á 0,9 ha) og þéttleikann sem gert er ráð fyrir að byggja á umræddu svæði of mikinn og ekki í samræmi við núverandi byggð við Byggðaveg og nágrenni. Þessi fjöldi íbúða / þéttleiki kallar á hærri byggingar en eru við Byggðaveg sem hún telur ekki í samræmi við núverandi byggð.</p> <p>Fanney telur að erfitt verði að ná þeim markmiðum sem getið er á bls. 22 í umhverfisskýrslu sem fylgir aðalskipulagstillögunn: Við hönnun bygginga þarf að gera kröfur um að þær falli í heildarsvipmót viðkomandi hverfis og á það einkum við um eldri hverfi. Einnig þarf að gæta þess að hæð bygginga sé ekki svo mikil að þær trufla útsýni eða skyggi á, eftir því sem við á.</p> <p>Fanney telur að aðgengi að umræddum íbúðum og fyrirkomulag bílastæða verði ekki fullnægjandi og hafi í för með sér truflandi áhrif á núverandi byggð.</p> <p>Hún telur að erfitt verði að ná þeim markmiðum sem getið er á bls. 22 í umhverfisskýrslu sem fylgir aðalskipulagstillögunni: Við hönnun bygginga þarf að gera kröfur um að þær falli í heildarsvipmót viðkomandi hverfis og á það einkum við um eldri hverfi. Einnig þarf að gæta þess að hæð bygginga sé ekki svo mikil að þær trufla útsýni eða skyggi á, eftir því sem við á.</p>	<p>Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að byggingarmagn verði miðað við 50 íbúðir, en skilmálum um hæð verði vísað til útfærslu í deiliskipulagi. Sett verði ákvæði um varúð við byggingarframkvæmdir. Hefur verið lagfært í greinargerð.</p>

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		Fanney telur að aðgengi að umræddum íbúðum og fyrirkomulag bílastæða verði ekki fullnægjandi og hafi í för með sér truflandi áhrif á núverandi byggð og leggur til að fjöldi íbúða og fjöldi hæða verði tekin til endurskoðunar.	
51	Undirskriftalisti	Íbúar og fasteignaeigendur í nágrenni Glerártorgs mótmæla því að á svæðinu neðst við Byggðaveg sem samkvæmt gildandi aðalskipulagi sé óbyggt svæði sé nú gert að íbúðarsvæði með 85 íbúðir í fjölbýlishúsum. Þeir segja að Brekkan sé rótgróið hverfi og verði fjölbýlishús í ósamræmi við lágreista byggð þar. Íbúðir sem standi neðarlega í brekkunni muni ekki njóta sólar. Húsin skyggi á útsýni ef byggt verði meira en tvær hæðir, en muni hafa innsýn yfir nálæga byggð og í garða íbúa þar. Sprengingar og fleyganir á byggingartíma hafa truflandi áhrif á nálæga byggð. Ekki sést hvernig leysa á bílastæðapörf. Umferð um Klettaborg mun aukast. Gatnamót Gleráreyra og Þórunnarstrætis eru óheppileg og þola illa aukna umferð þar sem þau eru nálægt gatnamótum við Glerárgötu. Heppilegra er að svæðið verði nýtt sem verslunar- og þjónustusvæði og lágrest mannvirki byggð inn í brekkuna. Einnig notað sem snjósöfnunarsvæði. Ef byggt verði þarna verði engin aðkoma að húsunum frá Klettaborg eða Byggðavegi.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að byggingarmagn verði miðað við 50 íbúðir, en skilmálum um hæð og aðkomu verði vísað til útfærslu í deiliskipulagi. Sett verði ákvæði um varúð við byggingarframkvæmdir. Hefur verið lagfært í greinargerð.
52	Björn Jóhannsson Kringlumýri 18 600 Akureyri	Björn mótmælir þéttingu byggðar á svæðinu neðst við Byggðaveg sem samkvæmt gildandi aðalskipulagi sé óbyggt svæði sé nú gert að íbúðarsvæði með 85 íbúðir í fjölbýlishúsum. Hann telur íbúafjölda Brekkunnar vera hærri en í mörgum hverfum á svipuðum aldri og því ekki þörf á þéttingu. Með þessari tillögu sé verið að breyta yfirbragði hverfisins og loka því til norðurs. Svæðið er afar bratt og líklega mótuð af grunnu landi á klöpp. Á svæðinu eru minnismarki tengd sögu Sambandsverksmiðjanna. Fjölbýlishús verði í ósamræmi við lágreista byggð sem fyrir er, fjölbýlishúsin myndi múr sem skyggi á útsýni hverfisins úr norðri. Íbúðir sem standi neðarlega í brekkunni muni ekki njóta sólar. Íbúðir sem standi neðarlega í brekkunni muni ekki njóta sólar. Húsin skyggi á útsýni ef byggt verði meira en tvær hæðir, en muni hafa innsýn yfir nálæga byggð í garða íbúa þar. Sprengingar og fleyganir á byggingartíma hafa truflandi áhrif á nálæga byggð. Ekki sést hvernig leysa á bílastæðapörf. Umferð um Klettaborg mun aukast. Gatnamót Gleráreyra og Þórunnarstrætis eru óheppileg og þola illa aukna umferð þar sem þau eru nálægt gatnamótum við Glerárgötu.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að byggingarmagn verði miðað við 50 íbúðir, en skilmálum um hæð og aðkomu verði vísað til útfærslu í deiliskipulagi. Sett verði ákvæði um varúð við byggingarframkvæmdir. Hefur verið lagfært í greinargerð.

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		Heppilegra er að svæðið verði nýtt sem verslunar- og þjónustusvæði og lágreist mannvirki byggð inn í brekkuna. Einnig notað sem snjósöfnunarsvæði. Ef byggt verði þarna verði engin aðkoma að húsunum frá Klettaborg eða Byggðavegi. Fremur mætti huga að þeim möguleika að byggt yrði ofan á verslunarhús Glerártorgs.	
53	Sigrún Harðardóttir kt. 310553-2479 Kringlumýri 18	Sigrún mótmælir þéttingu byggðar á svæðinu neðst við Byggðaveg sem samkvæmt gildandi aðalskipulagi sé óbyggt svæði sé nú gert að íbúðarsvæði með 85 íbúðir í fjölbýlishúsum. Hann telur íbúafjölda Brekkunnar vera hærrí en í mörgum hverfum á svipuðum aldri og því ekki þörf á þéttingu. Með þessari tillögu sé verið að breyta yfirbragði hverfisins og loka því til norðurs. Svæðið er afar bratt og líklega mótað af grunnu landi á klöpp. Á svæðinu eru minnismarki tengd sögu Sambandsverksmiðjanna. Fjölbýlishús verði í ósamræmi við lágreista byggð sem fyrir er, fjölbýlishúsin myndi múr sem skyggi á útsýni hverfisins úr norðri. Íbúðir sem standi neðarlega í brekkunni muni ekki njóta sólar. Íbúðir sem standi neðarlega í brekkunni muni ekki njóta sólar. Húsin skyggi á útsýni ef byggt verði meira en tvær hæðir, en muni hafa innsýn yfir nálæga byggð í garða íbúa þar. Sprengingar og fleyganir á byggingartíma hafa truflandi áhrif á nálæga byggð. Ekki sést hvernig leysa á bílastæðapörf. Umferð um Klettaborg mun aukast. Gatnamót Gleráreyra og Þórunnarstrætis eru óheppileg og þola illa aukna umferð þar sem þau eru nálægt gatnamótum við Glerárgötu. Heppilegra er að svæðið verði nýtt sem verslunar- og þjónustusvæði og lágreist mannvirki byggð inn í brekkuna. Einnig notað sem snjósöfnunarsvæði. Ef byggt verði þarna verði engin aðkoma að húsunum frá Klettaborg eða Byggðavegi. Fremur mætti huga að þeim möguleika að byggt yrði ofan á verslunarhús Glerártorgs.	Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að byggingarmagn verði miðað við 50 íbúðir, en skilmálum um hæð og aðkomu verði vísað til útfærslu í deiliskipulagi. Sett verði ákvæði um varúð við byggingarframkvæmdir. Hefur verið lagfært í greinargerð.
		Bæjarkerfið	
19	Fræðsluvið Akureyrar	Lagt er til að breyta texta í kafla 3.8.1 Fræðslumál afur að Upphaf Menntaskólans Í undirkafla 3.8.1.3 Aðrir skólar.	Sjá athugasemd 26, þar sem fræðsluvið hefur fallist á tillögu Umhverfis- og mannvirkjasviðs að texta.
26	Jón Birgir Gunnlaugsson f.h. Umhverfis- og mannvirkjasvið	1) 1.3.3 Markmið: Umferðarkerfið skal mæta ströngustu kröfum um öryggi. Þar segir: Aðskilja skal gönguleiðir frá bílaumferð þar sem þess er kostur og þar sem rými leyfir verði a.m.k. 2 metrar sem skilja þær frá götu. UMSA telur þetta of strangar kröfur, einkum í safngötum og húsagötum.	1) 1.3.3 Markmið: Umferðarkerfið skal mæta ströngustu kröfum um öryggi. Þar segir: Aðskilja skal gönguleiðir frá bílaumferð á stofn- og tengibrautum þar sem þess er kostur. Í greinargerðina verður bætt: Á

Nr. Bréfitari

Efni – ágríp

Svar – niðurstaða

		<p>2) Bent er á að lokið sé við að leggja þrýstilögn og byggja dælustöðvar meðfram strandlengjunni að nýrri útrás við Sandgerðisbót.</p> <p>3) 2.1.9 Jarðvegslosun/efnistaka: Námur: Í greinargerð kemur fram að náma í Grímsey sé norðaustur af flugbraut en það vantar á uppdrátt. Á uppdrætti er sýnd eldri náma sem hætt er að nota.</p> <p>4) 2.1.25 HV5 Hrísey. Lausaganga hunda og katta er bönnuð í Hrísey. Lausaganga katta er ekki bönnuð.</p> <p>5) Raflínur/jarðstrengir: Naustaborgir: Lagt er til að svæðið við Naustaflóa sem er hverfisverndað verði minnkað til austurs þannig að möguleiki verði á lagningu jarðstrengja Rariks og Landsnets í vestanverðum jaðri svæðisins. Svæðið er að hluta til raskað og auðveldara að lagfæra slíkt land heldur en á svæðinu þar sem hugmyndir voru um að leggja strengina. Þar þyrfti óhjákvæmilega að ryðja skóg auk þess sem sprengja þyrfti strengskurði yfir klapparholt með jökulrákuðum hvalbökum. Það myndi koma í veg fyrir óafturkræft jarðrask í gegnum fallett svæði með trjágróðri og klapparholtum með jökulrákuðum hvalbökum.</p>	<p><i>stofn- og tengibrautum skulu vera a.m.k. 2 metrar sem skilja þær frá götu þar sem rými leyfir. Sé gatan breið sem gangbraut er yfir, skulu vera miðeyjar að lágmarki 2 m breiðar til að vegfarandi geti staðið öruggur á miðeyjunni og til að hún rúmi t.d. barnavagn eða reiðhjól. Þar sem stígur kemur að stofn- eða tengibraut skulu vera víxlgrindur á stíg, þannig að vegfarandi snúi á móti þeim umferðarstraumi sem hann á eftir að þvera.</i></p> <p>2) Í greinargerð kafla 2.1.27 Fráveita bls.91 hefur verið bætt textanum: „Lokið er við að leggja þrýstilögn og byggja dælustöðvar meðfram strandlengjunni að nýrri útrás við Sandgerðisbót“.</p> <p>3) Náman hefur verið flutt á uppdrætti og merkt á verndarsvæðinu þar sem hún sést á loftmynd.</p> <p>4) Lausaganga katta er bönnuð í Hrísey samkvæmt samþykkt um kattahald á Akureyri.</p> <p>5) Skipulagsráð/bæjarstjórn fellst ekki á breytta legu jarðstrengs Hólasandslínu 3 samkvæmt tillögu Landsnets sem fer of langt inn á hverfisverndarsvæði Naustaflóa. - Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir breytta legu jarðstrengs Hólasandslínu 3 þannig að hún verði lögð á svæðinu vestan við og samsíða núverandi loftlínu Rarik (sem er vestan Kröflulínu). Hverfisverndarsvæði Naustaflóa verði jafnframt minnkað að Kröflulínu. Loftlína Rarik verður lögð í jarðstreng og áhersla er á að samnýta sem mest það</p>
--	--	--	---

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
		<p>6) 2.1.26 Stofnbrautir: Ein stofnbraut er í Hrísey og er það Lambhagavegur, frá Norðurvegi að lóð einangrunarstövarinnar Hvatastaða. Teljum ástæðu til að skoða hvort þetta sé rétt?</p> <p>7) Stígar: Reiðstígar eru við athafnasvæði hestamannafélagsins og tengjast hesthúsasvæðum og svæðum ofan byggðar til suðurs. Stígarnir liggja einnig til norðurs og stofnstígar þurfa að tengjast nágrennasveitarfélögum (sjá svæðisskipulag).</p> <p>8) Almenningsamgöngur: Tillaga að orðalagsbreytingu.</p> <p>9) 2.1.28 Úrgangsmál: Tillaga að orðalagsbreytingu.</p> <p>10) 2.4.6: Staðardagskrá 21 er ekki til lengur, umhverfis- og samgöngustefnan tók við.</p>	<p>svæði sem fer undir jarðstrengina til að raskað svæði verði sem minnst.</p> <p>6) Hefur verið breytt í tengibraut á uppdrætti og færð undir tengibrautir í texta greinargerðar 2.1.26 Vegir götur og stígar bls. 87 og 88.</p> <p>7) Hefur verið breytt á uppdrætti.</p> <p>8. Textinn hefur verið uppfærður í greinargerð: <i>Strætisvagnar Akureyrar sjá um almenningsamgöngur innan bæjarins. Nýtt leiðakerfi strætisvagna er unnið með það að leiðarljósi að þjóna markvisst sem flestum íbúum bæjarins og auka þannig notkun strætisvagna. Mikilvægt er að þróa almenningsvagnakerfið áfram í tegnslum við markmið um þróun byggðar og atvinnusvæða.</i></p> <p>9) Textinn hefur verið uppfærður í greinargerð til samræmis við ábendingu. „Á Akureyri er sorp flokkað í lífrænt, endurvinnanlegt og ólífrænt sorp. Lífrænt sorp fer í jarðgerð hjá Moltu, endurvinnanlegt í endurvinnslufarveg héraðs sem og erlendis og almennt sorp fer til urðunar á viðurkenndum urðunarstað. Notaðri steikingarolíu og dýrafitu er safnað og endurnýtt. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með endurvinnslu úr plasti og unnin olía úr því. Þá er hér að finna önnur endurvinnslu/endurnýtingar fyrirtæki.“</p> <p>10) Hefur verið lagfært í greinargerð.</p>

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
		<p>11) 3.6.1 Umhverfissvænar samgöngur. Tillaga að orðalagsbreytingu.</p> <p>12) 3.6.5 Umferðaröryggi: Í síðustu efnisgrein í kafla 3.6.5 er textinn: Best er að nota gula lýsingu þar sem hvít lýsing er á vegi og öfugt.. Lagt er til: Best er að nota lýsingu sem er öðruvísi á litinn en lýsing vegarins sem nánar er kveðið á um í ljósvistarskipulagi sjá gr. 2.4.6.</p> <p>13) 3.8 Skólar/leikskólar: Tillaga að breyttum texta.</p> <p>14) Skólar: Nýtt svæði ofan Borgarbrautar og norðan Síðubrautar, hvað með skóla og leikskóla?</p> <p>15) Síðuskóli/Síðusel: Athuga þarf þörf skólans/leikskólans fyrir byggingarland, stækka reit S30 á kostnað S31.</p> <p>16) At15 Athuga texta.</p>	<p>11) Textinn hefur verið uppfærður í greinargerð til samræmis við ábendingu: Auka skal gæði og þægindi í almenningsamgöngum „<i>og þegar settar eru upp nýjar hraðahindranir eða gamlar lagfærðar skal miða að því að þær hægi almenna umferð en strætisvagnar geti farið óhindrað yfir þær, sbr. svokallaða koddna eða þrengingar huga að því að hraðahindranir trufli akstur strætisvagna sem minnst</i>“.</p> <p>12) Hefur verið lagfært í greinargerð: „<i>Best er að nota lýsingu sem er öðruvísi á litinn en lýsing vegarins sem nánar er kveðið á um í ljósvistarskipulagi sjá gr. 2.4.6.</i>“</p> <p>13) Hefur verið fellt inn í greinargerð til samræmis við þetta, þar sem fyrir liggur samkomulag við fræðsluvið um textann.</p> <p>14) Þetta atriði þarfnast nánari skoðunar. Ekki er hægt að staðsetja skóla og leikskóla á þessu stigi málsins, best að vísa til rammaskipulags svæðisins sem þá skoði málið með fræðsluviði.</p> <p>15) Ekki er mælt með því að þessu sinni, þar sem það krefst samvinnu milli fræðsluviðs og heilbrigðisyfirvalda.</p> <p>16) Hefur verið lagað í greinargerð. AT15: Efnisvinnslusvæði. I19: Malbikunarstöð, efnislosun, efnisgeymsla. Afmörkun svæðisins verður breytt. Deiliskipulagt.</p>

Nr.	Bréfitari	Efni – ágríp	Svar – niðurstaða
		<p>17) I19 Malbikunarstöð lóðarmál: Gerð er athugasemd við að ekki sé orðið við beiðni um breytingu á lóðarmörkum malbikunarstöðvarinnar sem gengur út á að það að lágmarka rask á svæðinu og kostnað við lóðaframkvæmdir. Beiðnin var tekin fyrir á fundi skipulagsráðs 29. mars 2017 og vísað til gerðar aðalskipulags.</p> <p>Malbikunarstöðin fékk afmarkaða lóð í deiliskipulagi sem samþykkt var af bæjarstjórn 15. september 2009. Malbikunarstöðin hefur verið staðsett á því svæði við Súluveg upp úr 1960.</p> <p>Tillagan er að breyta núverandi lóðarmörkum með það að markmiði að minnka rask og spara kostnað við breytingar á daggeymi asfalts og þeim lekavörnum sem honum fylgir til að vera innan þeirrar lóðar sem var mörkuð í deiliskipulaginu frá 2009.</p> <p>Tillagan gerir ráð fyrir að lóðin minnki um 1.200 m² og að óraskað svæði sem er hluti af græna treflinum og er innan núverandi lóðar verði minnkað og í staðinn færast lóðarmörkin yfir á þegar raskað svæði. Uppgröfturinn á vesturhluta lóðarinnar verði notaður til að endurmóta svæðið milli nýrrar lóðar og að mörkum fólkvangsins.</p> <p>18) 3.5 Umhverfismál Græni trefillinn: Lagt er til að stækka svæðið til vesturs og verði samfeldur að verndarsvæði Glerár.</p> <p>19) 3.6.3 Stígakerfi/jarðstrengir: Huga þarf að samnýtingu jarðstrengja og stígagerðar þegar allar upplýsingar liggja fyrir um fjölda lína og strengja sem eru ekki á uppdrætti í dag.</p> <p>20) Gerð er tillaga að breyta legu á reiðleið sem sýnd er norðan Hamravegs og færa hana meðfram veginum svo framtíðar byggingarland verði ekki skorið í sundur.</p> <p>21) Yfirfara þarf línugerðir á sérkorti stíga.</p> <p>22) Umhverfisskýrsla: Bls. 18: Undir Náttúru- og menningarminjar þar vantar Sílabás með hverfisvernd.</p>	<p>17) Skipulagsráð/bæjarstjórn samþykkir að breyta mörkum svæðisins, þannig að hægt sé að nýta áfram raskað svæði í stað þess að taka óraskað svæði.</p> <p>18) Hefur verið merkt á sveitarfélagsuppdrátt ofan aksturssvæðis.</p> <p>19) Hefur verið bætt í texta bls. 88 og 92: „Huga þarf að samnýtingu jarðstrengjaleiða og stígagerðar.“</p> <p>20) Reiðleið hefur verið færð að streng.</p> <p>21) Legu reiðleiðarinnar hefur verið breytt á aðalskipulagsuppdrættinum.</p> <p>22) Hefur verið bætt inn í textann.</p>